

SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1962

REYKJAVÍK 1963

ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA H.F.

EFNISYFIRLIT

Bls.

Skýrsla bankastjórnar	5
1. Þróun efnahagsmála	
Inngangur	5
Greiðslujöfnuður og gjaldeyrisstaða	6
Peningamálin	8
Ástand og horfur	12
2. Starfsemi Seðlabankans	
Breyting á lögum Seðlabankans	19
Lántökur erlendis	19
Gjaldeyrissamningur Norðurlanda	20
Efnahagsstofnunin	20
Ríkisábyrgðasjóður	20
Reikningsshreyfingar	21
Rekstur og hagur	28
Seðlavelta	29
Vaxtakjör	32
Gengisskráning	32
Gullgengi íslenzkrar krónu	32
Stofnlánadeild sjávarútvegsins	33
Reikningar 1962	35
Seðlabanki Íslands	
Bankastjórn	44
Bankaráð	45
Helztu starfsmenn	46

SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

1. Þróun efnahagsmála

INNGANGUR. Árið 1962 reyndist þjóðarbúskap Íslendinga í flestum efn-um mjög hagstætt. Samkvæmt bráða-*birgðaáætlunum* Efnahagsstofnunarinnar er talið, að aukning þjóðarframleiðslunnar á árinu hafi numið a. m. k. 5% miðað við árið áður, en árið 1961 er hún talin hafa numið 3%. Verðlag á útflutningsafurðum var hagstætt á árinu nema á lýsi, sem lækkaði mjög verulega í verði, en þegar á heildina er lítið, bötнуðu verzlunarkjörin lítið eitt á árinu.

Framleiðsluaukningin á árinu átti fyrst og fremst rót sína að rekja til meiri sjávar afla og vinnslu fiskafurða, og annað árið í röð færðu íslensk fiskiskip að landi meiri aflafeng en nokkru sinni fyrr. Nam heildaraflinn 1962 768 þús. tonnum á móti 641 þús. tonnum árið 1961. Aflaukningin var öll að þakka meiri síldveiðum, sem jukust um rúm 150 þús. tonn eða 47% frá árinu áður. Aftur á móti minnkaði afli á þorskveiðum og öðrum veiðum um nær 10%. Stafaði sú lækkun svo til eingöngu af mjög litlum afla togaraflotans bæði vegna lélegrar veiði og langvarandi vinnustöðvunar. Nam togaraflinn að þunga til ekki nema rúmum 5% af heild-



araflanum á árinu, og eru það mikil umskipti frá því, sem áður var, því að fyrir aðeins fjórum árum síðan nam togaraflinn um 40% af heildarafla-magninu. Þótt aukinn afli bátaflotans, einkum á síldveiðum, hafi orðið hér mjög til bjargar að undanfögnu, hlýtur hnignun togaraútgerðarinnar að vera mikið áhyggjuefni.

Þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir, benda til þess, að nokkur framleiðsluaukning hafi orðið í landbúnaði. Mjólkurframleiðsla jókst um 8%, en kjötframleiðsla lítið eitt. Framleiðsluaukning virðist hafa orðið fremur lítil í iðnaði. Á hinn bóginn mun veruleg framleiðsluaukning hafa átt sér stað í byggingarstarfsemi og byggingarvöruiðnaði, enda jókst fjárfesting um 17% á árinu.

Hin mikla tekjuaukning, sem átti sér stað í sjávarútveginum, ásamt meiri fjárfestingu og auknum peningatekjum vegna launahækkana, hafði í för með sér mjög aukna eftirspurn bæði eftir innflutningi og innlendum vörum og þjónustu. Þetta kom þó ekki fram í versnandi stöðu gagnvart útlöndum vegna mikillar aukningar í útflutningsframleiðslu, og varð hagstæður greiðslujöfnuður á árinu. Ný vandamál sköpuðust


á sama hátt reiknað hagstæður um 114 millj. kr. á árinu 1961. Það skal tekið fram, að innflutningur skipa og flugvéla hefur ekki áhrif á þennan samanturð milli áráanna 1961 og 1962, þar eð hann var svo að segja hinn sami bæði árin, það er að segja 195 millj. kr. árið 1962, en 193 millj. kr. árið 1961.

Enn sem komið er liggja aðeins fyrir lauslegar áætlanir um greiðslujöfnuðinn í heild á árinu 1962, en samkvæmt þeim hefur viðskiptajöfnuður á vörum og þjónustu verið hagstæður á árinu um 250—300 millj. kr., en segja má, að þessi tala sýni raunverulega afkomu þjóðarbúsins út á við á árinu. Er þetta heldur betri afkoma en árið 1961, en þá reyndist greiðslujöfnuðurinn hagstæður um 225 millj. kr., og var það í fyrsta sinn



síðan styrjöldinni lauk, sem hagstæður jöfnuður náðist í greiðsluviðskiptum þjóðarbúsins út á við.

Gjaldeyrisstaða bankanna batnaði á árinu 1962 um 623 millj. kr., en þar af batnaði staðan í frjálsum gjaldeyri um 544 millj. kr., en í vöruskiptagjaldeyri um 79 millj. kr. Hin bætta gjaldeyrisstaða bankanna nemur samkvæmt þessu yfir 300 millj. kr. hærri upphæð en sá greiðsluafgangur, sem náðist á árinu vegna viðskipta með vörur og þjónustu. Þessi mismunur stafar að nokkru leyti af óafturkræfu framlagi frá Bandaríkjunum, en af því voru 135 millj. kr. notaðar á árinu, í öðru lagi af ýmsum fjármagnshreyfingum, en þar af var aukning stuttra vörukaupalána innflytjenda samtals 119 millj. kr. Jafnframt lækkuðu skuldir þjóðarinnar erlendis til langs tíma um 77 millj. kr. á árinu, en nýjar lántökur á árinu til langs tíma námu 370 millj. kr. og afborganir af löngum lánum 447 millj. kr.




Hin mikla aukning gjaldeyrisforðans á árunum 1961 og 1962 gerði Seðlabankanum kleift að endurgreiða til fulls yfirdráttarlán þau, sem tekin voru hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Evrópusjóðnum á árinu 1960, en þau námu samtals 595 millj. kr., reiknað á núgildandi gengi. Hefur með þessari bættu gjaldeyrisstöðu náðst mjög mikilsverður árangur, sem nauðsyn ber til að varðveita. Er óhætt að segja, að Íslendingar hafi nú í fyrsta sinn síðan í stríðslok eignast gjaldeyrisforða, sem nálgast það að vera viðunandi miðað við hin miklu utanríkisviðskipti þjóðarinnar og óstöðugleik útflutningsatvinnuveganna. Er slíkur gjaldeyrisforði forsenda þess, að hægt sé að halda uppi frjálsum utanríkisviðskiptum og varðveita traust íslensku þjóðarinnar út á við.

PENINGAMÁLIN. Þróun peningamála á árinu 1962 var yfirleitt hagstæð, en í meginatriðum svipar henni mjög

til ársins 1961, enda voru ytri aðstæður svipaðar, mikil aukning bæði í framleiðslu og peningatekjum og hagstæður greiðslujöfnuður við útlönd. Spariinnlán jukust árið 1962 meira en nokkru sinni fyrr, og þrátt fyrir mikla útlánaaukningu batnaði staða bankakerfisins gagnvart Seðlabankanum stórlega. Verður nú rætt um helztu þætti peningamála, en síðan vikið að stefnunni í peningamálunum í heild og þeim vanda­málum, sem nú blasa við.

Staða innlendra aðila við Seðlabankann batnaði mjög verulega á árinu, sérstaklega vegna stóraukinna innstæðna bankakerfisins í Seðlabankanum. Aðstaða banka og annarra peningastofnana við Seðlabankann batnaði um 592 millj. kr. á árinu 1962, og sundurliðast sú upphæð í aðalatriðum sem hér segir:

Skuldir bankanna vegna endurkaupa á afurðavíxlum lækkuðu um 112 millj.




1. tafla. Gjalddeyrisstaða bankanna.

Í þús. kr.	Erl. bankar, verðbréf og mynt, nettó	Erlendir víxlar, nettó	Skuld við Alþjóða-gjaldeyris-sjóðinn	Skuld við Evrópu-sjóðinn	Staða í frjáls-um gjald-eyri samtals	Staða í vöru-skipta-gjald-eyri	Gjalddeyrisstaða samtals	
							Skv. gengi á hverjum tíma	Umreiknað skv. núverandi gengi
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)
Árslok 1955 ..	66.031	61.837	—	—	127.868	÷ 19.521	108.347	286.144
— 1956 ..	67.518	27.919	—	—	95.437	÷ 33.372	62.065	163.914
— 1957 ..	9.989	22.378	—	—	32.367	÷ 17.813	14.554	38.437
— 1958 ..	100.887	7.293	—	—	108.180	÷ 21.651	86.529	228.523
— 1959 ..	÷ 46.389	5.986	—	—	÷ 40.403	÷ 14.031	÷ 54.434	÷ 143.760
1960:								
Janúar	÷ 70.475	4.747	—	—	÷ 65.728	÷ 25.980	÷ 91.708	÷ 242.201
Febrúar ...	÷ 104.628	9.479	÷ 107.281	—	÷ 202.430	11.173	÷ 191.257	÷ 216.120
Marz	145.934	22.889	÷ 107.815	÷ 190.000	÷ 128.992	87.285	÷ 41.707	÷ 47.129
Apríl	153.748	50.074	÷ 107.943	÷ 190.000	÷ 94.121	134.756	40.635	45.918
Mai	196.996	62.016	÷ 184.134	÷ 190.000	÷ 115.122	154.654	39.532	44.671
Júní	239.731	88.407	÷ 184.134	÷ 266.000	÷ 121.996	156.860	34.864	39.396
Júlí	190.124	76.345	÷ 184.134	÷ 266.000	÷ 183.665	132.858	÷ 50.807	÷ 57.412
Ágúst	313.275	41.521	÷ 260.327	÷ 266.000	÷ 171.531	104.376	÷ 67.155	÷ 75.885
September .	321.838	21.470	÷ 260.327	÷ 266.000	÷ 183.019	100.593	÷ 82.426	÷ 93.141
Október ...	497.238	23.505	÷ 260.327	÷ 266.000	÷ 85.584	106.880	21.296	24.064
Nóvember .	461.459	26.174	÷ 260.327	÷ 266.000	÷ 38.694	88.658	49.964	56.459
Desember .	502.009	25.378	÷ 260.327	÷ 266.000	1.060	111.233	112.293	126.891
1961:								
Janúar	534.501	16.863	÷ 260.327	÷ 266.000	25.037	108.903	133.940	151.352
Febrúar ...	512.095	36.360	÷ 260.327	÷ 266.000	22.128	87.187	109.315	123.526
Marz	579.052	24.187	÷ 260.327	÷ 266.000	76.912	54.050	130.962	147.987
Apríl	602.073	19.624	÷ 260.327	÷ 266.000	95.370	36.173	131.543	148.644
Mai	626.997	20.103	÷ 260.327	÷ 266.000	120.773	12.677	133.450	150.799
Júní	680.743	7.665	÷ 260.327	÷ 266.000	162.081	÷ 28.613	133.468	150.819
Júlí	669.474	29.027	÷ 260.327	÷ 266.000	172.174	÷ 67.381	104.793	118.416
Ágúst	848.257	41.906	÷ 294.562	÷ 301.000	294.601	÷ 64.225	230.376	230.376
September .	887.263	44.473	÷ 294.562	÷ 301.000	336.174	÷ 85.456	250.718	250.718
Október ...	1.026.838	21.439	÷ 294.562	÷ 301.000	452.715	÷ 63.640	389.075	389.075
Nóvember .	1.045.526	5.982	÷ 294.562	÷ 301.000	455.946	÷ 62.324	393.622	393.622
Desember .	1.066.038	11.276	÷ 294.562	÷ 215.000	567.752	÷ 41.159	526.593	526.593
1962:								
Janúar	1.010.746	41.666	÷ 294.562	÷ 107.500	650.350	÷ 63.411	586.939	586.939
Febrúar ...	1.031.417	÷ 27.750	÷ 294.562	—	709.105	÷ 70.045	639.060	639.060
Marz	1.135.481	÷ 33.658	÷ 294.562	—	807.261	÷ 20.153	787.108	787.108
Apríl	1.219.974	÷ 43.785	÷ 294.562	—	881.627	19.552	901.179	901.179
Mai	1.223.046	÷ 31.920	÷ 294.562	—	896.564	66.907	963.471	963.471
Júní	1.178.857	÷ 96.202	÷ 208.562	—	874.093	37.818	911.911	911.911
Júlí	1.145.153	÷ 110.265	÷ 208.562	—	826.326	3.756	830.082	830.082
Ágúst	1.209.125	÷ 114.956	÷ 208.562	—	885.607	÷ 6.589	879.018	879.018
September .	1.076.192	÷ 120.757	÷ 122.562	—	832.873	÷ 16.576	816.297	816.297
Október ...	1.148.211	÷ 134.227	÷ 122.562	—	891.422	41.542	932.964	932.964
Nóvember .	1.216.946	÷ 124.990	÷ 122.562	—	969.394	41.317	1.010.711	1.010.711
Desember .	1.381.940	÷ 147.358	÷ 122.562	—	1.112.020	37.993	1.150.013	1.150.013

Skýringar við 1. töflu. Allar tölur í töflunni, að undanskildum 8. lið, eru miðaðar við skráð gengi á hverjum tíma, þ. e. tölur frá árslokum 1955 til janúarloka 1960 eru miðaðar við skráð gengi fyrir gengisbreytinguna í febrúar 1960, en tölur frá og með ágúst 1961 eru miðaðar við gengi eftir 4. ágúst 1961. Ef umreikna á eldri tölur til núverandi gengis, þarf að margfalda tölur fyrir tímabilið 1955—janúar 1960 með 264,1, en með 113,0 fyrir tímabilið febrúar 1960—júlí 1961.


1. liður töflunnar sýnir aðstöðu bankanna gagnvart erlendum bönkum, verðbréfaeign, gulleign Seðlabankans, gullframlag til Alþjóðagjaldeyris-sjóðsins, seðla og erlenda mynt.
2. liður sýnir nettóeign bankanna af vixlum og ávisunum, sem greiddast eiga í erlendum gjaldeyri.



kr., og stafaði sú lækkun að nokkru leyti af minni vörubirgðum í árslok 1962, en að mestu leyti af því, að Landsbankinn tók á árinu 170 millj. kr. stutt lán í Bandaríkjunum í sambandi við sölu á freðfiski þangað, og voru lán þessi endurlánuð íslenskum útflytjendum. Í peningamálaáskýrslunum eru þessi lán talin með útlánum íslenskra banka og sem stutt skuld bankanna við útlönd og koma þannig til frádráttar gjaldeyrisstöðunnar og hafa engin áhrif á hana til hækkunar eða lækkunar. Fyrir utan endurkaupin batnaði staða banka og sparisjóða við Seðlabankann um 514 millj. kr. á árinu, en staða fjárfestingarlánastofnana versnaði um 34 millj. kr. Hinar auknu skuldir fjárfestingarlánastofnana stöfðu fyrst og fremst af starfsemi Stofnlánadeildar sjávarútvegsins, en útlán hennar á árinu námu 55 millj. kr., sem komu til lækkunar á útlánum bankanna. Er nú hinum miklu útlánum Stofnlánadeildarinnar, sem hófust á árinu 1961, að mestu lokið, en tilgangur þeirra var

að breyta stuttum skuldum sjávarútvegsins í löng lán. Þessi útlán voru í heild orðin 354 millj. kr. í lok ársins 1962, en þá hafði verið endurgreitt af lánum 21 millj. kr., svo að heildarútlán í árslok voru 333 millj. kr.

Hin stórbætta staða banka og sparisjóða gagnvart Seðlabankanum, en hún nam, eins og áður segir, 514 millj. kr. á árinu 1962, stafaði bæði af innlánsbindingunni og bættri lausafjárstöðu bankanna. Reglur um innlánsbindingu voru óbreyttar á árinu 1962, og voru bindiskyld 30% af aukningu innlána hjá innlánsstofnunum, en lágmarksbinding var 3% af heildarinnstæðu. Alls jukust innstæður á bundnum reikningum um 272 millj. kr. á árinu 1962, en höfðu aukizt um 253 millj. kr. á árinu 1961. Átti innlánsbindingin þannig meginþátt í því að bæta stöðu bankakerfisins gagnvart Seðlabankanum á árinu 1962 og þar með í þeirri aukningu gjaldeyrisforðans, sem þá átti sér stað.




Auk þess hækkuðu almennar óbundnar innstæður banka og annarra innlánsstofnana um 153 millj. kr., en jafnframt voru lausaskuldir þeirra við Seðlabankann að mestu greiddar. Vixlar gegn verðbréfum, sem verið höfðu 41 millj. kr. í árslok 1961, greiddust að fullu á árinu, og aðeins einn viðskiptabanki var í skuld á reikningi sínum við Seðlabankann í árslok, og nam hún rúmum 4 millj. kr.

Staða ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart Seðlabankanum batnaði verulega á árinu 1962. Í lok ársins 1961 var innstæða á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs 39 millj. kr. Eins og venja er til, breyttist þessi innstæða brátt í skuld, og varð skuld ríkissjóðs við Seðlabankann á þessum reikningi í lok ágústmánaðar 85 millj. kr., og er það meira en helmingi lægri upphæð en hæsta skuld ríkissjóðs á árinu 1961. Í lok ársins nam innstæða á aðalviðskiptareikningi 86 millj. kr. og hafði þannig batnað um 47 millj. kr. á árinu. Sé lítið á heildarviðskipti ríkissjóðs og ríkisstofnana við Seðlabankann, þar á meðal verðbréfa-

kaup, sem meira eða minna eru tengd starfsemi ríkisins, batnaði staðan um 53 millj. kr. á árinu.

Mikil þensla átti sér stað í viðskiptum bankakerfisins á árinu 1962, og jukust útlán og innlán og peningamagn mjög verulega. Aukning spariinnlána nam samtals í bönkum og sparisjóðum 762 millj. kr. á móti 557 millj. kr. aukningu á árinu 1961. Er þetta meiri aukning spariinnlána en nokkru sinni fyrr, og nam hlutfallsleg aukning á árinu 27%. Jafnframt jukust veltiinnlán, það er að segja innstæður á hlaupareikningum og sparisjóðsávísanabókum, einnig mikið eða samtals um 178 millj. kr. Er þetta 18% hækkun, en árið 1961 hækkuðu veltiinnlán um alls 30%.

Útlánaaukning banka og sparisjóða á árinu 1962 nam 578 millj. kr., en það er um 13% aukning. Við útlánaaukningu bankanna þarf að bæta lánveitingum Stofnlánadeildar sjávarútvegsins á árinu, þar sem þær eru jafnótt dregnar frá útlánaliðum bankanna, en þær lækka skuldir fyrirtækja í sjávarútveginum við viðskiptabankana. Alls námu útlán Stofnlánadeildarinnar, sem afgreidd voru 1962, 55 millj. kr., svo að að þeim viðbættum var heildarútlánaaukning bankanna á árinu 633 millj. kr., en á árinu 1961 nam útlánaaukningin reiknuð á sama hátt 650 millj. kr. Útlánaaukningin hefur því orðið mjög svipuð bæði árin. Þessi mikla útlánaaukning gat átt sér stað undanfarin tvö ár, án þess að staða bankakerfisins gagnvart Seðlabankanum versnaði, vegna hinnar miklu aukningar innlána. Þannig jukust spariinnlánin ein á árinu 1962 um 762 millj. kr. eða um 129 millj. kr. hærri upphæð en nam aukningu útlána. Engu að síður




verður þessi útlánaaukning áhyggju-efni, þegar litið er á hina miklu þenslu í eftirspurn, sem átti sér stað á árinu 1962, og hefði strangara aðhald í útlán-um bankanna tvímælalaust verið æski-legt til að veða þar á móti.

ÁSTAND OG HORFUR. Síðastliðið ár hefur verið þjóðarbúinu hagstætt, þjóðarframleiðslan og þó einkum út- flutningsframleiðslan hefur vaxið veru- lega, og framleiðslugeta þjóðarinnar hefur verið vel nýtt. Jafnmikil eða meiri framleiðsluaukning hefur nokkrum sinnum átt sér stað hér á landi, síðan styrjöldinni lauk. Í samanburði við þau ár verður það að teljast einn mikilvæg- asti árangur þessa undanfarna góðæris- tímabils, að tekizt hefur að nýta hinar góðu ytri aðstæður til þess að stórbæta stöðu þjóðarbúsins út á við, skapa traustari grundvöll frjálsra viðskipta við önnur lönd og búa í haginn fyrir framtíðina. Í fyrsta sinn eftir lok styrj- aldarinnar eiga Íslendingar nú gjald- eyrisvarasjóð, er gefur þeim nokkurt svigrúm til þess að mæta efnahagsörð- ugleikum og áföllum, sem ætíð má bú- ast við, að þjóð háð duttlungum náttúru- aflanna verði fyrir.

Hins vegar er rétt að hafa í huga, að hinn hagstæði greiðslujöfnuður við út- lönd er ekki einhlítur mælikvarði á heil- brigði efnahagsástandsins. Þeir hlutir geta átt sér stað samtímis, sem síðar verði til þess að raska því jafnvægi, sem náðst hefur, og snúa greiðsluafgangin- um við útlönd upp í halla. Þannig eru þess nú þegar merki, að innflutningur sé farinn að aukast örar en gjaldeyris- tekjur þjóðarinnar, svo að búast má við

því, að greiðslujöfnuðurinn verði óhag- stæðari á því ári, sem nú er hafið, en verið hefur undanfarin tvö ár. Hin sí- vaxandi umframeftirspurn eftir vinnu- afli og ör aukning innflutnings á undan- förnum mánuðum eru greinileg merki efnahagslegrar þenslu.


Orsakir þessarar þenslu, sem brátt getur orðið að ofþenslu, eru einkum tvær. Annars vegar er hin mikla tekju- aukning í sjávarútveginum, en hins veg- ar þær launahækkningar, sem átt hafa sér stað á síðastliðnu ári og það sem af er þessu ári. Tekjuaukningin í sjávarút- veginum er að sjálfsögðu merki aukinn- ar þjóðarframleiðslu, enda hefur hún verið samfara batnandi greiðslujöfnuði við útlönd. Engu að síður verður að hafa gát á því, að slík tekjuaukning valdi ekki meiri eftirspurnaraukningu en framleiðslugeta þjóðarbúsins leyfir. Í rauninni hefur þetta þegar gerzt að verulegu leyti hér á landi á síðastliðnu ári. Tekjuaukningin í sjávarútveginum hefur valdið þenslu í hagkerfinu í heild



og mikilli samkeppni um vinnuafll. Þetta ástand á vinnumarkaðnum hefur vafalaust átt mikinn þátt í þeim kaup- og tekjuhækkunum, sem orðið hafa síðustu mánuðina. Þessar launahækkanir eru nú orðnar svo miklar, að óhjákvæmilegt er að varpa fram þeirri spurningu, hvort þjóðarbúið geti borið þær án alvarlegra áfalla. Ef reyna á að gera sér grein fyrir þessu, skipta tvö atriði mestu máli, áhrif tekjuaukningarinnar á stöðu þjóðarbúsins út á við og áhrif launahækkananna á afkomu útflutningsatvinnuveganna.

Við hvorugu þessu er auðvelt að gefa ákveðið svar enn sem komið er. Hér skiptir það í rauninni meginmáli, hvort áframhald verður á hinum miklu og góðu aflabrögðum, sem einkennt hafa síðastliðin tvö ár. Enginn veit, hve lengi þau standa, en sé gengið út frá þeirri forsendu, að svo verði, er ástæða til að vona, að þjóðarbúið geti tekið á sig þá eftirspurnaraukningu, sem orðin er, án verulegrar rýrnunar gjalddeyrisforðans. Hins vegar er hætt við, að brátt verði endir bundinn á það tímabil greiðsluafgangs, sem þjóðin hefur átt við að búa nú um skeið. Er það óneitanlega verr farið, því að full ástæða væri til að reyna að styrkja aðstöðu og traust þjóðarinnar út á við enn betur en orðið er.

Hin góðu aflabrögð undanfarinna tveggja ára hafa tvímælalaust styrkt hag verulegs hluta sjávarútvegsins. Hækkun fiskverðs og launa er hins vegar orðin svo mikil, að fyrirsjáanlegir eru miklir rekstrarörðugleikar í fiskiðnaðinum, ef lengra er haldið áfram á sömu braut. Jafnframt er útflutningur landbúnaðarvara ekki hugsanlegur á samkeppnisgrundvelli með þeim framleiðslukostnaði, sem nú er.



Þær launahækkanir, sem orðið hafa að undanfögnu, eru vafalaust meiri en æskilegt hefði verið miðað við framleiðsluaukningu, og verður að búast við, að þær hafi í för með sér versnandi greiðslujöfnuð við útlönd og erfiðari rekstur í mikilvægum þáttum útflutningsframleiðslunnar. Það hlýtur því að vera meginverkefni í efnahagsmálum á næstunni að koma á festu í kaupgjaldsmálum, þannig að ekki eigi sér stað kauphækkanir umfram það, sem framleiðsluaukning þjóðarinnar leyfir. Hér er um að ræða eitt erfiðasta efnahagsvandamál þjóðarinnar, en til lausnar því skiptir öllu máli, að launþegar skilji, að auknar tekjur án framleiðsluaukningar geta ekki til lengdar fært þeim bætt lífskjör.

Það þarf að miða stefnuna í peninga- og fjármálum við það að hamla á móti þeirri miklu þenslu í eftirspurn, sem nú ríkir. Enda þótt nokkur greiðslujöfnuður hafi orðið í fjármálum ríkisins síðastliðin ár, hefur ríkissjóður ekki með

fjármálalegum aðgerðum hamlað neitt, sem heitið getur, á móti vaxandi þenslu. Eins og útlitið er nú í efnahagsmálum, má fastlega búast við því, að þörf verði öflugri ráðstafana af hálfu ríkisins í því skyni að draga úr umframeftirspurn í þjóðarbúinu. Við þær aðstæður, sem ríkja hér á landi nú, eru fjármálalegar aðgerðir ríkisins áhrifaríkasta meðalið til þess að koma í veg fyrir örari aukningu eftirspurnar en framleiðslugeta þjóðarbúsins leyfir.

Enda þótt tekizt hafi með peningalegum aðgerðum Seðlabankans að koma á meira jafnvægi en áður á peningamarkaðnum og styrkja stöðuna út á við, verður varla sagt, að stefnan í peningamálum hafi haft í för með sér nokkur samdráttaráhrif, og ekki hefur tekizt að koma í veg fyrir þá miklu þenslu eftirspurnar, sem nú einkennir efnahagsástandið. Það er því sízt ástæða til þess, eins og nú horfir, að draga úr aðhaldi í peningamálum eða breyta í grundvallaratriðum þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið. Jafnframt verður yfirstjórn peningamálanna að vera við

því búin að gera gagnráðstafanir, gerist þess þörf vegna hættulegrar þróunar í verðlags- eða gjaldeyrismálum, t. d. með auknu aðhaldi um útlán og öðrum aðgerðum í peningamálum.

Staða þjóðarbúsins er í dag sterkari en hún hefur verið um margra ára skeið. Þjóðarframleiðslan er mikil, greiðslu-jöfnuðurinn er sæmilegur, og gjaldeyrisforðinn skapar nokkurt öryggi gegn áföllum. Ytri aðstæður eiga því að vera góðar til þess að mæta vandamálum, sem framundan eru, ef þenslu og verðhækkunum er ekki gefinn laus taumurinn.

Vonandi ber þjóðin gæfu til þess að leysa þessi vandamál og stöðva hina nýju verðhækkunaröldu, áður en hún rís of hátt og kollvarpar því jafnvægi, sem hefur náðst. Til þess að þetta takist þarf örugga stjórn efnahagsmála, bæði í fjármálum og peningamálum, en ekki sízt almennan skilning þjóðarinnar á því, hve mikilvægt efnahagslegt jafnvægi er sem grundvöllur uppbyggingar atvinnulífsins og þeirra bættu lífskjara, sem allir vilja stefna að.

2. tafla. Yfirlitstölur úr reikningum banka og sparisjóða.

Í millj. kr.	Peningamagn (seðlar og télkka- reikningar)	Sparifé (að frádrögnum í innstæðum í ávisanabókum)	Mótvirðisfé og geymslufé	Heildar- útlán viðskiptabanka og sparisjóða	Lán Seðlab. til ríkissjóðs og fjárfest.l.st. nettó	Gjaldeyris- staða bankanna
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)
Árslok 1955	716,7	1.098,2	234,6	2.210,4	164,0	108,3
„ 1956	770,5	1.234,4	234,5	2.463,0	150,3	62,1
„ 1957	891,6	1.396,6	280,1	2.744,6	167,0	14,5
„ 1958	1.037,5	1.578,3	325,2	3.279,3	131,7	86,5
„ 1959	1.146,1	1.828,6	312,3	3.899,1	110,2	+ 54,4
Mánaðarlok 1960:						
Janúar	1.092,6	1.817,6	279,0	3.866,2	62,1	+ 91,7
Febrúar	1.053,6	1.824,7	278,7	3.858,9	85,8	+ 191,2
Marz	1.053,7	1.823,5	305,0	3.826,4	83,0	+ 41,7
Apríl	1.114,7	1.865,6	317,8	3.909,9	67,2	40,6
Mai	1.162,3	1.908,6	345,6	4.020,9	105,4	39,5
Júní	1.138,2	1.935,5	347,6	4.074,6	82,9	34,9
Júlí	1.153,1	1.983,7	359,3	4.117,0	199,4	+ 50,8
Ágúst	1.140,4	2.007,0	360,5	4.214,7	182,5	+ 67,2
September	1.147,3	2.011,0	342,8	4.282,1	157,8	+ 82,4
Október	1.127,0	2.033,4	350,3	4.250,7	149,6	21,3
Nóvember	1.079,5	2.025,8	335,4	4.272,5	79,0	50,0
Desember	1.117,1	2.202,6	313,7	4.196,7	85,7	112,3
Mánaðarlok 1961:						
Janúar	1.114,4	2.205,8	296,9	4.114,7	132,7	133,9
Febrúar	1.093,1	2.220,1	305,2	4.132,3	149,8	109,3
Marz	1.134,4	2.239,4	313,2	4.213,1	163,8	131,0
Apríl	1.201,1	2.270,2	315,6	4.293,8	147,8	131,5
Mai	1.244,1	2.320,3	322,8	4.429,2	151,8	133,5
Júní	1.255,4	2.362,5	336,6	4.474,9	247,0	133,5
Júlí	1.359,3	2.413,8	333,4	4.568,6	277,4	104,8
Ágúst	1.524,0	2.450,0	317,6	4.659,9	266,3	230,4
September	1.473,1	2.500,5	329,4	4.713,4	300,4	250,7
Október	1.519,9	2.553,7	346,0	4.714,3	323,1	389,1
Nóvember	1.458,9	2.563,2	361,1	4.667,1	256,6	393,6
Desember	1.431,7	2.759,9	305,8	4.547,9	344,8	526,6
Mánaðarlok 1962:						
Janúar	1.470,2	2.804,4	314,9	4.507,8	409,7	586,9
Febrúar	1.473,0	2.842,4	334,7	4.538,4	418,2	639,1
Marz	1.521,6	2.873,9	359,0	4.549,3	415,5	787,1
Apríl	1.659,0	2.920,9	421,7	4.638,3	427,8	901,2
Mai	1.717,4	3.001,1	433,9	4.750,0	436,3	963,5
Júní	1.661,8	3.060,0	425,2	4.823,5	428,2	911,9
Júlí	1.678,6	3.114,7	422,1	4.922,7	456,5	830,1
Ágúst	1.716,7	3.155,2	426,1	4.952,6	492,5	879,0
September	1.805,4	3.224,2	433,0	5.195,6	477,6	816,3
Október	1.836,8	3.285,2	441,4	5.239,6	500,5	933,0
Nóvember	1.796,3	3.287,2	448,3	5.210,5	417,7	1.010,7
Desember	1.721,1	3.522,4	462,1	5.126,1	392,4	1.150,0

- 1) Peningamagn: Samanlögð seðlavelta, innstæður í sparisjóðsávisanareikningum og hlaupareikningum viðskiptabanka og sparisjóða að frádrögnum geymslufé vegna innflutnings og enn fremur hlaupareikningsinnstæður í Seðlabankanum aðrar en innstæður ríkissjóðs og mótvirði bandarískra vörukaupalána (P.L. 480 lána).
- 2) Mótvirðisfé og geymslufé: Auk mótvirðisfjár á reikningum Seðlabankans er hér með talið mótvirði bandarískra vörukaupalána og geymslufé vegna innflutnings.
- 3) Heildarútlán: Sama tala og í 9. dálki 4. töflu.
- 4) Lán Seðlabanka til ríkissjóðs og fjárfestingarlánastofnana, nettó: Samanlagðar tölur úr 2., 5. og 6. dálki í 3. töflu.
- 5) Gjaldeyrisstaða bankanna: Sama tala og í 7. dálki 1. töflu.

3. tafla. Úr reikningum Seðlabankans.

Í millj. kr.	Seðla- velta	Aðstaða ríkissj. og ríkisstofn. (nettó)	Endurk. væðingar	Aðstaða banka og sparisjóða (nettó)	Aðstaða fjárfest.- lánastofnana (nettó)	Verð- bréf	Mótvirðisfjá
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)
Árslok 1955	313,3	÷ 72,7	÷ 377,2	÷ 89,6	÷ 67,9	÷ 23,4	191,5
„ 1956	347,9	÷ 70,9	÷ 416,2	÷ 92,7	÷ 44,2	÷ 35,2	190,4
„ 1957	362,8	÷ 76,9	÷ 457,8	÷ 79,1	÷ 46,5	÷ 43,6	198,1
„ 1958	407,4	÷ 40,8	÷ 644,6	÷ 74,1	÷ 39,1	÷ 51,8	207,8
„ 1959	412,2	23,2	÷ 857,5	÷ 83,0	÷ 37,9	÷ 95,5	226,9
Mánaðarlok 1960:							
Janúar	372,2	62,8	÷ 780,8	÷ 189,8	÷ 27,1	÷ 97,8	218,8
Febrúar	354,7	51,8	÷ 768,5	÷ 197,4	÷ 28,2	÷ 109,4	214,8
Marz	348,8	70,1	÷ 796,0	÷ 99,0	÷ 45,7	÷ 107,4	232,1
Apríl	372,2	72,3	÷ 882,4	11,0	÷ 39,2	÷ 100,3	236,0
Mái	403,0	37,6	÷ 905,1	31,2	÷ 42,4	÷ 100,6	243,0
Júní	397,1	59,3	÷ 875,8	÷ 20,1	÷ 37,1	÷ 105,1	247,9
Júlí	414,7	÷ 35,9	÷ 837,4	÷ 64,9	÷ 46,7	÷ 110,8	259,1
Ágúst	407,1	÷ 22,3	÷ 895,8	÷ 31,9	÷ 48,9	÷ 111,3	259,3
September	422,5	3,5	÷ 931,3	÷ 29,2	÷ 50,4	÷ 110,9	250,7
Október	408,0	13,9	÷ 889,9	6,1	÷ 49,0	÷ 114,5	256,3
Nóvember	395,2	114,9	÷ 831,1	÷ 80,8	÷ 33,8	÷ 113,1	250,9
Desember	414,0	55,4	÷ 737,2	÷ 76,2	÷ 28,8	÷ 112,3	232,2
Mánaðarlok 1961:							
Janúar	369,7	12,3	÷ 643,5	÷ 11,2	÷ 23,5	÷ 121,5	219,3
Febrúar	367,7	÷ 6,5	÷ 572,1	÷ 62,2	÷ 21,4	÷ 121,9	226,1
Marz	391,6	÷ 8,1	÷ 609,8	÷ 30,3	÷ 37,0	÷ 118,7	232,9
Apríl	401,6	÷ 17,6	÷ 692,4	34,2	÷ 10,8	÷ 119,3	235,4
Mái	429,0	÷ 24,1	÷ 738,3	24,3	÷ 4,7	÷ 123,0	240,3
Júní	434,1	÷ 110,2	÷ 714,5	66,0	÷ 4,5	÷ 132,2	242,4
Júlí	455,5	÷ 126,4	÷ 754,1	121,3	÷ 10,6	÷ 140,4	242,2
Ágúst	470,5	÷ 66,5	÷ 858,2	285,3	÷ 61,0	÷ 138,8	231,0
September	493,2	÷ 15,8	÷ 885,0	314,9	÷ 114,5	÷ 169,7	239,5
Október	471,5	33,2	÷ 892,5	447,4	÷ 190,0	÷ 166,3	248,8
Nóvember	479,6	126,7	÷ 829,1	398,2	÷ 218,6	÷ 164,7	256,3
Desember	509,9	154,6	÷ 794,7	543,7	÷ 297,7	÷ 201,7	205,2
Mánaðarlok 1962:							
Janúar	451,0	88,7	÷ 666,6	582,7	÷ 277,3	÷ 221,1	214,2
Febrúar	439,2	92,3	÷ 585,2	617,8	÷ 288,8	÷ 221,7	232,4
Marz	468,0	115,2	÷ 594,0	699,1	÷ 312,0	÷ 218,8	254,9
Apríl	478,6	94,9	÷ 648,3	804,4	÷ 299,2	÷ 223,5	306,0
Mái	515,8	94,5	÷ 647,4	814,2	÷ 306,7	÷ 224,1	328,3
Júní	527,9	117,0	÷ 575,4	736,8	÷ 315,3	÷ 229,9	327,7
Júlí	532,2	98,1	÷ 629,7	743,3	÷ 327,4	÷ 227,2	330,1
Ágúst	535,7	60,8	÷ 719,0	895,5	÷ 327,6	÷ 225,7	344,6
September	583,8	65,0	÷ 822,3	909,0	÷ 307,6	÷ 239,0	358,2
Október	568,5	75,7	÷ 798,6	962,6	÷ 322,2	÷ 253,9	366,1
Nóvember	563,6	143,2	÷ 724,8	936,2	÷ 303,0	÷ 257,9	367,8
Desember	583,8	234,0	÷ 682,3	1.057,9	÷ 331,8	÷ 294,6	391,2

- 1) Tölur í 2., 4. og 5. dálki sýna reikningsstöðu ríkissjóðs og ríkisstofnana, banka og sparisjóða og fjárfestingarlánastofnana við Seðlabankann.
- 2) Mótvirðisfjá: Þarna er auk mótvirðisfjár á nafni ríkissjóðs og Framkvæmdabankans talið mótvirði bandarískra vörukaupalána (P.L. 480).

4. tafla. Úr reikningum viðskiptabanka og sparisjóða.

Í millj. kr.	Spariinnlán			Veltiinnlán (að meðtöldu geymslufé og innstæðum í ávísanabókum)			Útlán		
	Bankar (þar með Verzlsp.)			Bankar (þar með Verzlsp.)			Bankar (þar með Verzlsp.)		
	Sparisjóðir (1)	Samtals (2)	Samtals (3)	Sparisjóðir (4)	Samtals (5)	Samtals (6)	Sparisjóðir (7)	Samtals (8)	Samtals (9)
Árslok 1955	830,1	268,1	1.098,2	434,5	12,0	446,5	1.948,3	262,1	2.210,4
" 1956	913,5	320,9	1.234,4	450,2	16,3	466,5	2.154,8	308,2	2.463,0
" 1957	1.032,4	364,2	1.396,6	584,8	26,1	610,9	2.398,9	345,7	2.744,6
" 1958	1.146,3	432,0	1.578,3	720,8	26,5	747,3	2.870,6	408,7	3.279,3
" 1959	1.319,1	509,5	1.828,6	776,4	41,0	817,4	3.397,5	501,6	3.899,1
Mánaðarlok 1960:									
Janúar	1.305,7	511,9	1.817,6	749,7	27,2	776,9	3.370,7	495,5	3.866,2
Febrúar	1.317,7	507,0	1.824,7	739,8	18,6	758,4	3.375,6	483,3	3.858,9
Marz	1.333,2	490,3	1.823,5	753,0	20,7	773,7	3.346,9	479,5	3.826,4
Apríl	1.369,4	496,2	1.865,6	792,3	28,3	820,6	3.418,1	491,8	3.909,9
Mai	1.399,0	509,6	1.908,6	828,2	31,7	859,9	3.525,2	495,7	4.020,9
Júní	1.421,6	513,9	1.935,5	808,3	30,2	838,5	3.580,5	494,1	4.074,6
Júlí	1.462,9	520,8	1.983,7	780,0	36,3	816,3	3.612,6	504,4	4.117,0
Ágúst	1.478,4	528,6	2.007,0	791,2	40,7	831,9	3.700,1	514,6	4.214,7
September	1.480,7	530,3	2.011,0	771,7	41,7	813,4	3.762,8	519,3	4.282,1
Október	1.495,5	537,9	2.033,4	770,0	41,0	811,0	3.719,6	531,1	4.250,7
Nóvember	1.489,6	536,2	2.025,8	733,2	33,4	766,6	3.733,0	539,5	4.272,5
Desember	1.616,4	586,2	2.202,6	744,6	37,7	782,3	3.651,0	545,7	4.196,7
Mánaðarlok 1961:									
Janúar	1.634,3	571,5	2.205,8	775,8	43,7	819,5	3.574,8	539,9	4.114,7
Febrúar	1.645,3	574,8	2.220,1	760,5	41,4	801,9	3.589,6	542,7	4.132,3
Marz	1.658,4	581,0	2.239,4	787,8	33,2	821,0	3.662,1	551,0	4.213,1
Apríl	1.683,6	586,6	2.270,2	839,8	37,0	876,8	3.736,0	557,8	4.293,8
Mai	1.716,8	603,5	2.320,3	856,6	38,4	895,0	3.862,1	567,1	4.429,2
Júní	1.748,3	614,2	2.362,5	872,3	40,7	913,0	3.896,4	578,5	4.474,9
Júlí	1.781,3	632,5	2.413,8	943,4	49,2	992,6	3.981,1	587,5	4.568,6
Ágúst	1.806,3	643,7	2.450,0	1.062,2	74,9	1.137,1	4.058,7	601,2	4.659,9
September	1.843,8	656,7	2.500,5	1.008,2	58,5	1.066,7	4.093,0	620,4	4.713,4
Október	1.870,6	683,1	2.553,7	1.080,1	62,6	1.142,7	4.065,8	648,5	4.714,3
Nóvember	1.879,5	683,7	2.563,2	1.025,7	55,0	1.080,7	4.016,9	650,2	4.667,1
Desember	2.013,2	746,7	2.759,9	964,0	53,4	1.017,4	3.886,4	661,5	4.547,9
Mánaðarlok 1962:									
Janúar	2.048,4	756,0	2.804,4	1.056,3	57,7	1.114,0	3.846,0	661,8	4.507,8
Febrúar	2.077,6	764,8	2.842,4	1.073,2	56,9	1.130,1	3.861,3	677,1	4.538,4
Marz	2.099,4	774,5	2.873,9	1.107,4	44,9	1.152,3	3.861,3	688,0	4.549,3
Apríl	2.126,8	794,1	2.920,9	1.220,8	64,6	1.285,4	3.931,8	706,5	4.638,3
Mai	2.185,7	815,4	3.001,1	1.233,4	62,8	1.296,2	4.026,9	723,1	4.750,0
Júní	2.231,1	828,8	3.059,9	1.154,7	65,4	1.220,1	4.076,7	746,8	4.823,5
Júlí	2.277,0	837,7	3.114,7	1.153,3	73,0	1.226,3	4.162,6	760,1	4.922,7
Ágúst	2.307,8	847,4	3.155,2	1.176,5	76,1	1.252,6	4.179,7	772,9	4.952,6
September	2.354,2	870,0	3.224,2	1.197,0	90,1	1.287,1	4.398,8	796,8	5.195,6
Október	2.397,0	888,2	3.285,2	1.248,8	85,4	1.334,2	4.425,3	814,3	5.239,6
Nóvember	2.397,7	889,4	3.287,1	1.218,3	85,7	1.304,0	4.387,9	822,6	5.210,5
Desember	2.567,8	954,6	3.522,4	1.109,9	85,1	1.195,0	4.270,5	855,6	5.126,1

- 1) Innlánin, eins og þau koma fram í töflunni, eru nettóinnlán, þ. e. að fráðregnum innlánnum stofnana hversrar hjá annarri.
- 2) Spariinnlán eru hér tilgreind að fráðregnum innstæðum í sparisjóðsávísanabókum.
- 3) Með veltiinnlánnum er talið geymslufé vegna innflutnings og innstæður í sparisjóðsávísanabókum.

5. tafla. Innlán og útlán banka og sparisjóða.

	1958	1959	1960	1961	1962
Sparifé:					
Landsbanki	553,2	622,7	765,9	947,5	1.192,5
Útvegsbanki	261,8	311,2	375,0	442,3	559,8
Búnaðarbanki	197,0	214,2	268,7	337,8	422,8
Iðnaðarbanki	60,5	76,4	94,5	119,9	152,6
Verzlunarbanki	73,8	94,6	112,4	165,7	240,1
Samtals	1.146,3	1.319,1	1.616,5	2.013,2	2.567,8
5 stærstu sparisjóðir	227,5	262,2	296,0	389,7	508,0
Aðrir sparisjóðir	204,5	247,3	290,2	357,0	446,6
Sparifé alls	1.578,3	1.828,6	2.202,7	2.759,9	3.522,4
Veltiinnlán:					
Landsbanki	333,1	351,6	384,6	541,6	624,6
Útvegsbanki	200,9	228,4	176,6	207,3	204,6
Búnaðarbanki	110,8	95,3	86,1	98,4	150,4
Iðnaðarbanki	34,0	42,2	39,0	44,4	51,1
Verzlunarbanki	42,0	58,9	58,5	72,2	79,2
Samtals	720,8	776,4	744,8	963,9	1.109,9
5 stærstu sparisjóðir	12,1	21,5	18,2	27,8	53,8
Aðrir sparisjóðir	14,4	19,5	19,5	25,6	31,3
Veltiinnlán alls	747,3	817,4	782,5	1.017,3	1.195,0
Útlán:					
Landsbanki	1.575,6	1.883,7	1.935,0	2.072,0	2.272,6
(þar af erl. víxlar endurl.)	—	—	—	—	(171,4)
Útvegsbanki	741,4	880,0	987,0	991,1	1.005,8
Búnaðarbanki	352,7	373,4	436,9	448,4	530,1
Iðnaðarbanki	97,9	123,5	136,6	162,2	189,9
Verzlunarbanki	103,0	136,9	155,5	212,7	272,1
Samtals	2.870,6	3.397,5	3.651,0	3.886,4	4.270,5
5 stærstu sparisjóðir	225,7	277,2	294,4	363,5	480,0
Aðrir sparisjóðir	183,0	224,4	251,3	298,0	375,6
Útlán alls	3.279,3	3.899,1	4.196,7	4.547,9	5.126,1

2. Starfsemi Seðlabankans

Í fyrra hluta þessarar skýrslu er fjallað um efnahagsþróunina á árinu 1962 og þann þátt í starfsemi Seðlabankans, sem varðar stefnuna í peningamálum og efnahagsmálum almennt. Í þessum síðara hluta skýrslunnar verður nokkru nánari grein gerð fyrir starfsemi Seðlabankans á árinu 1962 og þar á meðal rakin einstök atriði í ársreikningum bankans.

BREYTING Á LÖGUM SEÐLABANKANS. Með lögum nr. 20 16. apríl 1962 voru staðfest bráðabirgðalög þau, sem ríkisstjórnin gaf út 1. ágúst 1961, um að fela Seðlabankanum að ákveða stofngengi íslenzku krónunnar. Enn fremur var bætt aftan við 20. gr. Seðlabankalaganna frá 1961 skýrari heimild handa Seðlabankanum til að taka lán erlendis vegna almennra þarfa landsins í sambandi við gjaldeyrisviðskipti hans, svo og til að taka lán erlendis í því skyni að endurlána féð innan lands, enda komi ábyrgð ríkissjóðs til við endurlánin, og Seðlabankinn undanþeginn ákvæðum laga nr. 30/1960 um innflutnings- og gjaldeyrisráðgjafi, að því er varðar lán samkvæmt 2. og 3. málsgrein 7. gr.

Hinn 24. maí 1962 var sett reglugerð um starfsemi Seðlabankans samkvæmt lögum nr. 10/1961 og nr. 20/1962. Reglugerðin er nr. 52/1962.

LÁNTÖKUR ERLENDIS. Í marz gerði Seðlabankinn lánssamning í New York um 700.000 dollara lán handa Sogsvirkjuninni til greiðslu á vélum til stækkunar Írafossstöðvarinnar. Lánið skal endurgreiða á árunum 1964—1966, en með vilyrði um framlengingu til 1968. Vextir eru 5½% á ári. Lánið er affallalaust.

Í júnímánuði gerði Seðlabankinn lánssamning við Kreditanstalt für Wiederaufbau í Þýzkalandi að upphæð 4 millj. þýzkra marka. Seðlabankinn er lántakandi, en fjárhæðin verður endurlánuð Rafmagnsveitum ríkisins með ábyrgð ríkissjóðs. Lánið endurgreiðist á árunum 1965—1976, og eru vextir 4½%. Lánið er affallalaust.

Í októbermánuði gerði Seðlabankinn lánssamning í New York um einnar milljón dollara lán vegna ríkissjóðs, sem endurlánar fjárhæðina til hafnargerðar í Þorlákshöfn. Lánið endurgreiðist á árunum 1963—1968, en vilyrði eru um framlengingu til ársins 1972. Vextir eru 5½%. Engin afföll eru á láninu.

Seðlabankinn vann að og undirbjó lántöku að fjárhæð tvær milljónir sterlingspunda, sem Hambrosbanki bauð út á markaðnum í London fyrir hönd ríkissjóðs Íslands snemma í desember. Lánið er til langs tíma. Greiðist helmingur þess með jöfnum afborgunum á

árunum 1968—1988, en hinn helmingurinn í einu lagi 1988. Vextir eru 6½%, en vegna affalla voru raunverulegir vextir til kaupenda bréfanna 6,7%. Kostnaður við lántökuna var 2,5% og raunverulegir vextir fyrir lántaka því 6,9%.

GJALDEYRISSAMNINGUR NORÐ-URLANDA. Norðurlöndin hafa, svo sem kunnugt er, með sér margvíslegt samstarf, enda þótt fátt af því hafi mikla beina efnahagslega þýðingu. Það verður því að teljast til tíðinda, að seðlabankar Norðurlanda gerðu hinn 20. marz 1962 með sér samning um að veita hver öðrum gagnkvæm gjaldeyrislán, þegar þess er þörf vegna greiðsluferfileika, enda hafi lántökubankinn þegar notað að nokkrum hluta yfirdráttarmöguleika sína hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Samningur þessi veitir Seðlabankanum lánsheimild hjá hinum seðlabönkum Norðurlanda að upphæð allt að 10 millj. sænskra króna, en lánveitingarskylda Seðlabankans getur numið allt að 20 millj. sænskra króna. Hér er um að ræða verulega viðbót við gjaldeyrissvarasjóð þjóðarinnar.

EFNAHAGSSTOFNUNIN. Hinn 30. maí 1962 gerðist Seðlabankinn aðili að stofnun og rekstri Efnahagsstofnunarinnar í samvinnu við ríkisstjórnina og Framkvæmdabankann. Standa þessir þrír aðilar straum af rekstri Efnahagsstofnunarinnar, hver að einum þriðja hluta, og á Seðlabankinn einn fulltrúa í stjórn hennar. Meginhlutverk Efnahagsstofnunarinnar er að vinna að skýrslugerð og áætlunum um þjóðar-

tekjur og framkvæmdir og allt það, er varðar heildarþróun þjóðarbúsins. Með tilkomu hennar er komið á nánara samstarfi en áður hefur verið milli þeirra aðila, er fást við skýrslugerð og áætlanir hér á landi, og er sú skipulagsbreyting mjög til bóta.

RÍKISÁBYRGÐASJÓÐUR. Það hefur lengi tíðkast, að ríkissjóður veitti fyrirgreiðslu í sambandi við ýmsar framkvæmdir, ýmist með styrkveitingum, beinum lánveitingum eða með því að ganga í ábyrgð fyrir lánnum til að auðvelda lántökur. Ábyrgðaveitingar hafa farið sífellt vaxandi, og var svo komið, að í árslok 1961 nam höfuðstóll ábyrgðalána nær 2.800 millj. kr. Engar fastar reglur giltu um veitingu ríkisábyrgða, en heimilda til veitingar þeirra var aflað með ýmsum lögum og jafnvel með þingsályktunartillögum. Nauðsynlegt þótti því að setja ákveðnar reglur um veitingu ábyrgðanna, og því voru í marz 1961 samþykkt á Alþingi lög nr. 37/1961 um ríkisábyrgðir. Samkvæmt þeim er aðalreglan sú, að veitt skal einföld ábyrgð, og sjálfskuldarábyrgð má því aðeins veita, að það sé sérstaklega leyft í lögum þeim, er ábyrgðina heimila. Einnig gera lögin ráð fyrir, að samið verði um öll vanskil vegna ríkisábyrgða, og var fjárveitinganefnd heimilað að gefa eftir kröfur í sambandi við slíka samninga.

Áður en lög þessi voru sett, var aðalreglan sú, að væri ríkisábyrgð veitt, var um sjálfskuldarábyrgð að ræða. Þetta hafði í för með sér, að ríkissjóður varð mjög oft að inna af höndum greiðslur vegna ábyrgðalána í vanskilum. Þannig hafði ríkissjóður eignast kröfur, er

námu hundruðum millj. kr. og bætist þar enn við. Umsýsla þessara mála var orðin svo viðamikil, að rétt þótti að létta henni af ríkissjóði og fá í hendur sérstökum aðila. Með samningi milli fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans, sem undirritaður var 24. september 1962, tók bankinn við vörzlu og umsjá Ríkisábyrgðasjóðs.

Með lögum um Ríkisábyrgðasjóð er ákveðið, að úr honum skuli greiða kröfur, sem fallið hafa á ríkissjóð eftir 1. janúar 1961 vegna ríkisábyrgða, og einnig greiða úr honum kröfur, er fallið hafa á ríkissjóð frá sama tíma vegna vanskila á lánum, sem ríkissjóður hefur tekið að láni og endurlánað.

Sem stofnfé voru sjóðnum fengnar slíkar kröfur, sem ríkissjóður hafði eignast, ásamt hluta ríkissjóðs af gengishagnaði vegna gengisbreytingarinnar 4. ágúst 1961. Enn hefur Seðlabankinn ekki tekið við öllum kröfum vegna ríkisábyrgða, en mun gera það smám saman, eftir því sem uppgjöri lýkur. Reikningar sjóðsins verða síðan birtir með ríkisreikningum.

Seðlabankanum er ætlað að sjá um starfrækslu sjóðsins, þ. e. allar greiðslur og innheimtur á kröfum, sem sjóðurinn á eða kann að eignast. Einnig er til þess ætlað, að sjóðurinn hafi milligöngu um veitingu ríkisábyrgða, taki við umsóknum um þær, láti fara fram mat á mannvirkjum, sem lánað er út á, og láti fara fram athugun á fjárhag þeirra, er ábyrgðar óska, þegar ástæða þykir til.

Enn er að sjálfsögðu engu hægt að spá um það, hvernig þessi nýskipan mála gefst, en megintilgangur hennar er að draga úr hinum stórauðum útgjöldum ríkissjóðs vegna áfallinna ríkis-

ábyrgða. Því markmiði verður reynt að ná, annars vegar með því að setja strangari skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgða, en hins vegar með innheimtu á þeim kröfum, sem á ríkissjóð falla.

REIKNINGSHREYFINGAR. Í árslok 1962 var niðurstöðutala á efnahagsreikningi Seðlabankans 3.573,1 millj. kr. og hafði á árinu hækkað um 237,2 millj. kr., en í árslok 1961 var hún 3.335,9 millj. kr. Þarna er um að ræða mun minni hækkun en verið hefur sl. tvö ár, en gengislækkanirnar 1960 og 1961 höfðu í för með sér verulegar hækkunir á efnahagsreikningi bankans. Hér verða á eftir raktar að nokkru helztu breytingar liða á efnahagsreikningi Seðlabankans. Verða ýmsar tölu- legar breytingar raktar nánar en gert er í kaflanum um peningamál hér að framan og því óhjákvæmilegt, að nokkurra endurtekninga gæti.

Erlendar eignir Seðlabankans, að meðtöldu gullframlagi til Alþjóðagjald- eyrissjóðsins, námu 1.630,5 millj. kr. í árslok 1962. Í árslok 1961 námu erlendar eignir bankans 1.336,1 millj. kr. og jukust því um 294,4 millj. kr. á árinu. Inneign í erlendum bönkum í frjálsum gjaldeyri jókst um 82,3 millj. kr. á árinu og nam 252,8 millj. kr. í árslok, en inneign í vöruskiptagjaldeyri lækkaði hins vegar um 57,2 millj. kr. Enn varð mikil aukning á erlendri verðbréfa- eign bankans, en þó ekki jafnmikil og árið áður. Alls nam aukning erlendra verðbréfa 253,5 millj. kr., og átti bankinn í árslok 1962 bandarísk og önnur dollaraverðbréf að upphæð 13,4 millj. dollara, brezk verðbréf að upphæð 4,2 millj. sterlingspunda og 7,0 millj. s. kr.

í sænskum ríkisskuldabréfum. Samtals eru þetta 1.062,4 millj. kr.

Erlendir skuldaliðir bankans námu 441,8 millj. kr. í árslok 1962 og höfðu lækkað um 58,4 millj. kr. á árinu. Af þessum 441,8 millj. kr. var skuld við E.P.U. 147,7 millj. kr. og rússneskt lán 43,8 millj. kr., en hvort tveggja teljast þetta lán til langs tíma. Erlendar skuldir til langs tíma, sem taldar eru á reikningum bankans, voru því alls 191,5 millj. kr. og lækkuðu á árinu um 53,6 millj. kr., þar af nam lækkun á skuld við E.P.U. 48,0 millj. kr. Skuldir við erlenda banka í frjálsum gjaldeyri lækkuðu um 10,6 millj. kr. á árinu og voru 31,0 millj. kr. í árslok, og skuld í vöruskiptagjaldeyri lækkaði um 130,1 millj. kr. Á árinu var lokið endurgreiðslu yfirdráttarláns frá Evrópusjóðnum. Lán þetta var tekið í febrúar 1960 og var upphaflega 7 millj. dollara. Árið 1961 voru endurgreiddar 2 millj. dollara, þannig að eftir stóðu í árslok 5 millj. dollara eða 215 millj. kr. Þessi fjárhæð var síðan endurgreidd í tvennu lagi í byrjun ársins 1962, nánar tiltekið í janúar og febrúar. Á árinu 1960 var auk fyrrgreinds láns hjá Evrópusjóðnum tekið yfirdráttarlán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að upphæð 6,8 millj. dollara. Lán þetta stóð óbreytt þar til nú á þessu ári, en í júní sl. voru endurgreiddar 2 millj. dollara, og í september voru greiddar aðrar 2 millj. dollara. Á efnahagsreikningi bankans stendur yfirdráttarlán þetta nú í 120,9 millj. kr. eða 2,8 millj. dollara, en á móti því kemur gullframlag til sjóðsins, sem nemur sömu upphæð. Rétt er að geta þess, að þessi síðasti hluti yfirdráttarlánsins var að fullu greiddur í janúar 1963. Ef

undan eru skilin þau löngu lán, sem að framan er getið, skuld við E.P.U. og rússneska yfirdráttarlánið, var nettó-gjaldeyrisstæða bankans í árslok hagstæð um 1.378,6 millj. kr. og hafði batnað um 820,7 millj. kr. frá árslokum 1961, en þá var hún hagstæð um 557,9 millj. kr.

Hlaupareikningsskuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana námu 135,8 millj. kr. í árslok og höfðu lækkað úr 160,6 millj. kr. í ársbyrjun eða um 24,8 millj. kr. Skuldir fóru hækkandi fram eftir árinu, eins og venja er, en hækkuðu þó mjög hægt og náðu hámarki í ágústlok, er þær urðu 253,4 millj. kr. Munur á hæstu og lægstu skuld var nú allmiklu minni en var árið áður eða 117,6 millj. kr. á móti 175,2 millj. kr. Aðalviðskiptareikningur ríkissjóðs var nú skuldlaus í árslok annað árið í röð, og var innstæða á honum í árslok 86,2 millj. kr., en var 39,4 millj. kr. í árslok 1961. Staða á þessum reikningi fór yfirleitt versnandi til loka ágústmánaðar, en þá var skuld á honum 84,6 millj. kr. og batnaði síðan úr því. Þarna er um að ræða miklu minni sveiflu en verið hefur á þessum reikningi á undanförunum árum. Árið 1961 varð hámarksskuld t. d. 182,3 millj. kr. Innstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana námu alls 369,8 millj. kr. í árslok 1962 og jukust um 57,8 millj. kr. á árinu, en í árslok 1961 námu innstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana annarra en Útflutningssjóðs 312,0 millj. kr. Reikningsstaða ríkissjóðs og ríkisstofnana var því í árslok hagstæð um 234,0 millj. kr. eða 82,7 millj. kr. betri en í ársbyrjun.

Mótvirðisinnstæður vegna vörukaupalána í Bandaríkjunum, sem taldar eru

með í liðnum „Aðrir reikningar“ undir innstæðum á hlaupareikningum, jukust mjög mikið á árinu eða um 67,7 millj. kr. og námu í árslok 140,6 millj. kr.

Mótvirðisfé nam í árslok 250,6 millj. kr. og jókst á árinu um 118,3 millj. kr. Af lokuðum reikningi Framkvæmdabankans voru greiddar 3,6 millj. kr., eins og venja er, en liðurinn Mótvirðisjóður 1961 hækkaði um 121,9 millj. kr. Inn á þennan reikning eru færð 90% af mótvirði 6 millj. dollara óafturkræfs framlags frá Bandaríkjastjórn, sem um var samið 1960, jafnóðum og það er notað. Á árinu voru notaðar um 3,1 millj. dollara af þessu framlagi, og alls hafa verið notaðar af því um 5,1 millj. dollara.

Verðbréfaeign bankans jókst mjög mikið á árinu eða um 92,9 millj. kr. Í árslok nam verðbréfaeignin 294,6 millj. kr. Snemma á árinu voru keypt af Framkvæmdabankanum skuldabréf fyrir lán um vegna kaupa á flökunarvélum, og námu kaup slíkra bréfa alls 15,4 millj. kr.

Ríkisstjórnin ákvað að veita bændum nokkra fyrirgreiðslu með því að breyta lausaskuldum í föst lán. Um þetta voru sett bráðabirgðalög, sem síðar voru staðfest sem lög nr. 63/1962, en samkvæmt þeim gaf veðdeild Búnaðarbankans út nýjan flokk bankavaxtabréfa, 7% bréf til 20 ára, samtals að fjárhæð 66 millj. kr. Var ætlað til þess, að bændur, sem lán fengju úr deildinni, gætu greitt með bréfum þessum lausaskuldir sínar í lánsstofnunum og hjá kaupfélögum. Seðlabankinn tók að sér að innleysa hluta þessara bréfa frá þeim aðilum, sem tóku við þeim af bændum. Er því hagað þannig, að sparisjóðir og

innlánsdeildir kaupfélaga máttu inna af hendi bindiskyldu við Seðlabankann vegna aukningar innlánsfjár á árinu 1962, en að nokkru 1961, með því að afhenda honum bréf, er þessar stofnanir hafa tekið upp í lausaskuldir bænda. Alls hafði Seðlabankinn innleyst á þennan hátt 17,7 millj. kr. í bréfum veðdeildarinnar í árslok 1962.

Skuldir banka og sparisjóða við Seðlabankann að meðtöldum endurkeyptum víxlum námu í árslok 1962 686,7 millj. kr., þar af voru reikningsskuldir aðeins 4,4 millj. kr. og höfðu á árinu lækkað um 1,6 millj. kr. Í árslok 1961 námu lán til banka og sparisjóða gegn ríkistrygðum verðbréfum 41,1 millj. kr., en þessi lán voru greidd að fullu á árinu. Lausaskuldir banka og sparisjóða við Seðlabankann lækkuðu því um 42,7 millj. kr. á árinu. Endurkeyptir afurðavíxlarnámu í árslok 682,3 millj. kr., 391,9 millj. kr. vegna sjávarafurða og 290,4 millj. kr. vegna landbúnaðarafurða. Í árslok 1961 voru víxlarnir 794,7 millj. kr., 515,6 millj. kr. vegna sjávarafurða og 279,1 millj. kr. vegna landbúnaðarafurða. Sjávarafurðavíxlarnir hafa því lækkað um 123,7 millj. kr., en landbúnaðarvíxlarnir hækkuðu um 11,3 millj. kr., og hafa endurkaup alls lækkað um 112,4 millj. kr. Þessi lækkun sjávarafurðavíxla stafar meðal annars af því, að Landsbankinn hefur tekið stutt víxillán í Bandaríkjunum í sambandi við freðfisksölu þangað og endurlánað fiskframleiðendum. Á árinu var í meginatriðum fylgt sömu reglum um endurkaup og fylgt var árið áður, en lækkunin stafar að nokkru af minni birgðum útflutningsafurða í landinu en var á sama tíma árið áður.

6. tafla. Efnahagsreikningur

	ÁRSLOK			
	1958	1959	1960	1961
EIGNIR (í millj. kr.):				
Gullmynt	5,7	16,5	38,6	43,7
Erlendar eignir	241,3	213,1	643,3	1.171,5
a. Erlendir bankar	32,5	2,8	203,0	170,5
b. Erlend verðbréf	107,5	141,6	210,6	808,9
c. Erlendir víxlar	65,8	22,6	86,8	28,0
d. Vöruskiptareikningar	35,5	46,1	142,9	164,1
Kvóti hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum	—	—	—	483,7
a. Gullframlag	—	—	—	120,9
b. Krónuframlag	—	—	—	362,8
Skuldir á hlaupareikningi	162,8	159,3	310,3	173,1
a. Aðalviðskiptareikningur ríkissjóðs	5,0	18,6	34,7	—
b. Aðrir ríkisreikningar	140,8	117,7	165,8	159,8
c. Lán til ríkissjóðs vegna alþjóðastofnana	15,0	19,9	103,2	11,3
d. Ríkisstofnanir	2,0	3,0	3,1	0,9
e. Aðrir reikningar	—	0,1	3,5	1,1
Verðbréf	51,9	95,5	112,3	201,7
a. Innlend verðbréf	28,5	29,3	49,5	143,0
b. Skuldabréf ríkissjóðs	11,0	54,9	52,5	49,4
c. Stóreignaskattsbréf	12,4	11,3	10,3	9,3
Peningastofnanir	851,1	1.061,1	1.009,0	1.190,5
a. Reikningsskuldir banka og sparisjóða	69,4	70,1	73,6	6,0
b. Reikningsskuldir fjárfestingarlánastofnana	10,0	13,7	7,9	0,2
c. Lán gegn verðbréfum	65,7	65,1	140,7	41,1
d. Endurkeyptir víxlar	644,6	857,5	737,2	794,7
e. Stofnlánadeildin	61,4	54,7	49,6	348,5
Gengistapsreikningur 1960	—	—	191,2	40,0
Fasteignir	—	—	—	8,1
Ýmislegt	1,9	1,6	6,4	23,3
Sjóður	0,1	0,5	0,7	0,3
Alls	1.314,8	1.547,6	2.311,8	3.335,9

Seðlabankans 1958—1961.

MÁNAÐARLOK 1962											
Jan.	Febr.	Marz	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.
43,7	43,7	43,7	43,7	43,7	43,7	43,7	43,7	43,7	43,7	43,7	43,7
1.134,2	1.164,2	1.224,2	1.296,8	1.321,2	1.242,4	1.204,4	1.248,4	1.190,2	1.175,8	1.251,8	1.465,9
133,8	143,8	225,4	102,7	65,2	39,3	28,1	55,4	16,3	61,4	158,5	252,8
782,6	803,2	801,1	1.016,8	1.086,6	1.043,9	1.036,7	1.040,9	1.023,6	975,2	945,6	1.062,4
58,8	58,3	46,2	31,7	31,2	31,7	21,3	36,5	53,8	44,6	56,8	43,8
159,0	158,9	151,5	145,6	138,2	127,5	118,3	115,6	96,5	94,6	90,9	106,9
483,7	483,7	483,7	483,7	483,7	483,7	483,7	483,7	483,7	483,7	483,7	483,7
120,9	120,9	120,9	120,9	120,9	120,9	120,9	120,9	120,9	120,9	120,9	120,9
362,8	362,8	362,8	362,8	362,8	362,8	362,8	362,8	362,8	362,8	362,8	362,8
218,1	217,9	204,1	241,1	255,5	207,9	221,5	261,6	234,9	222,0	167,2	141,2
51,8	55,6	29,6	44,0	66,1	30,5	49,5	84,6	66,2	55,2	—	—
157,9	153,9	165,1	188,7	181,0	169,0	163,0	167,8	161,2	157,6	158,4	126,6
6,4	6,4	6,4	6,4	6,4	6,4	6,4	6,4	4,8	4,8	4,8	4,8
0,9	0,9	0,9	0,9	0,9	0,9	0,9	1,5	1,5	4,2	3,9	9,7
1,1	1,1	2,1	1,1	1,1	1,1	1,1	1,3	1,2	0,2	0,1	0,1
221,1	221,7	218,8	223,5	224,1	229,9	227,2	225,7	238,8	253,9	257,9	294,6
162,4	163,0	160,1	164,8	165,4	171,2	168,5	167,0	180,1	195,2	203,4	279,9
49,4	49,4	49,4	49,4	49,4	49,4	49,4	49,4	49,4	49,4	45,2	6,5
9,3	9,3	9,3	9,3	9,3	9,3	9,3	9,3	9,3	9,3	9,3	8,2
1.046,4	969,5	972,9	1.026,7	1.006,6	928,3	1.018,3	1.076,5	1.174,9	1.156,3	1.107,1	1.094,0
10,5	11,4	6,0	6,3	6,0	0,1	2,3	5,5	0,5	0,2	11,7	4,4
0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	19,0
15,0	12,5	11,0	11,5	5,5	6,0	33,0	—	—	4,0	2,0	—
666,6	585,2	594,0	648,3	647,4	575,5	629,7	718,9	822,3	798,6	724,8	682,3
354,1	360,2	361,7	360,4	347,5	346,5	353,1	351,9	351,9	353,3	368,4	388,3
40,0	40,0	40,0	40,0	40,0	40,0	40,0	40,0	40,0	40,0	40,0	34,0
8,1	8,1	8,1	8,1	8,1	8,1	8,1	8,1	8,1	8,1	8,1	7,0
25,7	15,2	20,0	21,6	26,5	24,1	16,0	24,1	31,1	19,4	34,0	8,7
0,8	0,4	0,5	0,5	0,4	0,6	0,7	0,5	0,2	0,6	0,7	0,3
3.221,8	3.164,4	3.216,0	3.385,7	3.409,8	3.208,7	3.263,6	3.412,3	3.445,6	3.403,5	3.394,2	3.573,1

6. tafla, frh. Efnahagsreikningur

	ÁRSLOK			
	1958	1959	1960	1961
SKULDIR (í millj. kr.):				
Seðlar	407,4	412,2	414,0	509,9
Peningastofnanir	93,3	82,8	166,7	641,7
a. Bankar og sparisjóðir, almennar innstæður	61,0	40,2	71,0	117,9
b. Bankar og sparisjóðir, bundnar innstæður	—	12,0	67,0	318,2
c. Mótvirði stofnlána	—	—	—	154,6
d. Fjárfestingarlánastofnanir	32,3	30,6	28,7	51,0
Innstæður á hlaupareikningi	135,1	213,9	320,4	393,1
a. Aðalviðskiptareikningur ríkissjóðs	—	—	—	39,4
b. Aðrir ríkisreikningar	44,0	45,8	46,9	65,3
c. Ríkisstofnanir, almennar innstæður	63,2	116,1	112,1	56,4
d. Ríkisstofnanir, bundnar innstæður	—	—	100,0	154,1
e. Aðrir reikningar	27,9	52,0	61,4	77,9
Mótvirðisfé	180,3	176,7	173,1	132,4
a. Mótvirðisssjóður	62,5	62,5	62,5	—
b. Lokaður reikningur Framkvæmdabankans	67,8	64,2	60,6	57,1
c. Skuldagreiðslureikningur	50,0	50,0	50,0	—
d. Mótvirðisssjóður 1962	—	—	—	75,3
Innstæður alþjóðagjaldeyrissjóðs	—	—	262,1	657,2
a. Innstæður	—	—	1,8	364,3
b. Yfirdráttarlán	—	—	260,3	292,9
Innstæður alþjóðastofnana	15,0	19,9	3,5	6,4
Erlendar skuldir	281,4	401,1	439,1	515,2
a. Erlendir bankar	72,2	197,1	76,3	41,6
b. Vixlar seldir erlendis	14,1	7,4	—	—
c. Skuld við E.P.U.	113,0	110,6	210,7	195,7
d. Vöruskiptareikningar	82,1	86,0	152,1	277,9
Yfirdráttarlán frá Evrópusjóðnum	—	—	266,0	215,0
Ýmislegt	12,3	15,1	22,7	31,4
Stofnfé	4,8	4,8	4,8	100,0
Varasjóður	128,0	156,5	180,0	100,0
Annað eigið fé	57,2	64,6	59,4	33,6
Alls	1.314,8	1.547,6	2.311,8	3.335,9

Seðlabankans 1958—1961.

MÁNAÐARLOK 1962											
Jan.	Febr.	Marz	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.
451,0	439,1	468,0	478,6	515,8	527,9	532,2	535,7	583,8	568,5	563,6	583,8
685,2	713,3	766,1	883,6	866,8	774,3	804,5	925,5	954,0	998,1	1.015,5	1.138,7
118,4	143,8	210,7	247,2	246,8	147,9	138,7	238,3	236,1	252,1	174,8	270,4
326,0	328,3	334,4	403,1	406,7	423,6	461,3	484,2	494,9	537,3	572,9	591,4
163,8	169,6	171,1	171,9	172,3	171,4	178,6	178,5	178,5	177,4	202,2	201,5
77,0	71,6	49,9	61,4	41,0	31,4	25,9	24,5	44,5	31,3	65,6	75,4
379,7	395,2	409,8	439,2	464,9	438,9	434,4	445,7	438,1	444,1	457,9	523,7
—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	25,1	86,2
78,7	68,2	70,8	66,2	72,8	73,8	72,6	67,2	78,1	72,2	69,4	77,3
66,5	80,4	81,1	105,7	111,1	84,9	80,1	88,1	56,9	61,0	51,5	47,5
154,1	154,1	158,9	158,9	158,9	158,9	158,9	158,9	158,9	158,9	158,9	158,9
80,4	92,5	99,0	108,4	122,1	121,3	122,8	131,5	144,2	152,0	153,0	153,8
139,7	146,0	161,3	208,3	217,2	217,8	219,2	222,9	223,3	223,5	224,0	250,7
—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
53,5	53,5	53,5	53,5	53,5	53,5	53,5	53,5	53,5	53,5	53,5	53,5
—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
86,2	92,5	107,8	154,8	163,7	164,3	165,7	169,4	169,8	170,0	170,5	197,2
657,2	657,2	657,2	657,2	657,2	571,2	571,2	571,2	485,2	485,2	485,2	485,2
364,3	364,3	364,3	364,3	364,3	364,3	364,3	364,3	364,3	364,3	364,3	364,3
292,9	292,9	292,9	292,9	292,9	206,9	206,9	206,9	120,9	120,9	120,9	120,9
6,4	6,4	6,4	6,4	6,4	6,4	6,4	6,4	4,8	4,8	4,8	4,8
529,5	540,8	472,6	435,1	403,0	393,9	412,0	415,7	446,2	343,6	307,2	320,9
44,6	41,9	38,9	47,3	71,6	43,9	41,1	33,7	67,7	28,4	34,7	31,0
189,8	189,8	189,8	189,8	188,6	188,6	186,1	186,1	186,1	186,1	152,8	147,7
295,1	309,1	243,9	198,0	142,8	161,4	184,8	195,9	192,4	129,1	119,7	142,2
107,5	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
32,0	32,8	41,0	43,6	44,8	44,6	49,6	55,1	76,1	101,5	101,8	28,8
100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
33,6	33,6	33,6	33,7	33,7	33,7	34,1	34,1	34,1	34,2	34,2	36,5
3.221,8	3.164,4	3.216,0	3.385,7	3.409,8	3.208,7	3.263,6	3.412,3	3.445,6	3.403,5	3.394,2	3.573,1

Innstæður innlánsstofnana námu alls 1.062,3 millj. kr. í árslok 1962 og höfðu aukizt um 471,5 millj. kr. Innstæður á viðskiptareikningum banka og sparisjóða voru nú meiri en nokkru sinni fyrr eða alls 270,4 millj. kr., sem er 152,5 millj. kr. meira en í upphafi ársins. Innstæður innlánsstofnana á bundnum reikningum og innláns-skírteinum voru alls 590,3 millj. kr. og jukust um 272,1 millj. kr. á árinu. Á árinu giltu sömu reglur og árið áður um bindingu vegna aukningar innlánsfjár, og jukust innstæður banka og sparisjóða vegna þess samtals um 259,6 millj. kr., en innlánsdeilda kaupfélaga um 12,5 millj. kr. Liðurinn „Mótvirði stofnlána“ sýnir sérstakar innstæður Landsbankans, Útvegsbankans og Sparisjóðs Siglufjarðar vegna lánveitinga Stofnlánadeildar sjávarútvegsins. Þessar innstæður, sem voru í árslok 201,5 millj. kr., hækkuðu á árinu um 46,9 millj. kr.

Nettóinnstæða innlánsstofnana í Seðlabanknum var í árslok 1962 375,6 millj. kr., en í árslok 1961 skulduðu sömu aðilar nettó 251,2 millj. kr., og hefur staða þeirra við Seðlabankann því batnað um 626,8 millj. kr. á árinu. Vegur þar mest aukning innstæðna, en skuldalækkun varð einnig veruleg, einkum lækkun endurkeyptrá víxla.

Í árslok 1962 nam nettóskuld fjárfestingarlánastofnana við Seðlabankann 331,9 millj. kr. og hafði aukizt um 34,2 millj. kr. á árinu. Skuldir Stofnlánadeildarinnar hækkuðu á árinu um 39,8 millj. kr., en skuldir annarra fjárfestingarlánastofnana jukust um 18,8 millj. kr., og stafaði sú aukning af bráðabirgðaláni, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins var veitt í desember sl. Innstæð-

ur fjárfestingarlánastofnana námu alls 75,4 millj. kr. í árslok, en voru 51,0 millj. kr. í árslok 1961 og jukust því um 24,4 millj. kr. á árinu.

REKSTUR OG HAGUR. Heildartekjur Seðlabankans árið 1962 voru 137,5 millj. kr., en voru 109,2 millj. kr. árið áður. Vaxtatekjur af innlendum lánnum, erlendum innstæðum og erlendum verðbréfum námu nú 131,8 millj. kr., en voru 105,4 millj. kr. 1961. Ýmsar tekjur urðu 5,7 millj. kr., en voru 3,8 millj. kr. 1961. Gjöldin urðu alls 136,4 millj. kr., en tekjuafgangur 1,1 millj. kr. og óráðstafað frá fyrra ári 1,0 millj. kr. Árið 1961 varð tekjuafgangur 6,3 millj. kr. Af gjöldum voru útgreiddir vextir 105,9 millj. kr. (73,2 millj. kr. 1961), vextir af eigin fé 7,7 millj. kr. (9,8 millj. kr. 1961), vextir af stofnfé 5,0 millj. kr. (5,0 millj. kr. 1961) og rekstrarkostnaður 13,2 millj. kr. (10,9 millj. kr. 1961). Ýmis önnur gjöld voru 4,6 millj. kr. (4,0 millj. kr. 1961). Eins og framangreindar tölur bera með sér, versnaði afkoma Seðlabankans verulega á árinu, og var rekstrarhagnaður ásamt vöxtum af eigin fé aðeins 8,8 millj. kr., eftir að greiddur hafði verið arður af stofnfé, en árið 1961 var rekstrarafgangur ásamt vöxtum af eigin fé 15,1 millj. kr. Ástæðan fyrir þessari versnandi afkomu eru fyrst og fremst há vaxtagjöld af innstæðum, einkum af bundnu fé, en innlánsvextir bankans eru mun hærrí en vextir af erlendum innstæðum hans. Vöxtum af varasjóði (6,0 millj. kr.) var varið til að afskrifa af gengistapsreikningi 1960, og stendur hann nú í 34,0 millj. kr. Af tekjuafgangi ársins og því, sem óráðstafað var frá fyrra ári,

7. tafla. Seðlavelta, meðalseðlavelta og seðlavelta að frá-dregnum seðlasjóði banka og ríkissjóðs.

Í þús. kr.	1961			1962		
	Seðla- velta í mánaðar- lok	Seðlavelta að frádr. seðlasjóði banka og ríkissjóðs í mánaðarþók	Meðal- seðla- velta í hverjum mánuði	Seðla- velta í mánaðar- lok	Seðlavelta að frádr. seðlasjóði banka og ríkissjóðs í mánaðarlok	Meðal- seðlavelta í hverjum mánuði
Janúar	369.655	351.210	386.203	450.965	426.375	474.656
Febrúar	367.655	349.002	370.062	439.150	419.194	447.405
Marz	391.615	372.014	377.616	467.975	446.754	449.869
Apríl	401.630	392.235	394.935	478.635	453.702	473.916
Mái	429.015	406.844	421.926	515.835	491.090	497.779
Júní	434.130	413.070	428.962	527.860	507.002	521.833
Júlí	455.475	430.939	442.444	532.245	505.951	535.474
Ágúst	470.510	450.139	461.275	535.655	514.880	534.651
September ...	493.215	472.101	483.008	583.790	560.590	556.220
Október	471.470	445.381	483.390	568.485	537.045	581.945
Nóvember ..	479.625	456.323	473.157	563.575	537.938	566.144
Desember	509.905	476.538	518.514	583.830	559.786	606.880

var 1,1 millj. kr. varið til afskrifta á fasteignum, sem nú eru bókfærðar á 7,0 millj. kr. Samkvæmt ákvæði í lögum um Seðlabankann voru vextir af stofnfé bankans (5,0 millj. kr.) lagðir í sérstakan sjóð, en tekjum hans skal að helmingi varið til Vísindasjóðs. Í árslok var varasjóður óbreyttur frá fyrra ári eða 100,0 millj. kr., stofnfé var 100,0 millj. kr. og annað eigið fé bankans 36,5 millj. kr., og hafði eigið fé því aðeins aukizt á árinu um 2,9 millj. kr. Alls var eigið fé Seðlabankans því 236,5 millj. kr., en sé gengistapsreikningur 1960 frádreginn, nam það 202,5 millj. kr. Samkvæmt samkomulagi við ríkissjóð tók bankinn við þessum reikningi árið 1961, og verður hann afskrifaður á næstu árum, eftir því sem talið verður fært.

SEÐLAVELTA. Í lok ársins voru seðlar í umferð 583,8 millj. kr. og juk-

ust um 73,9 millj. kr. á árinu eða nokkru minna en árið áður, en þá jukust seðlar um 95,9 millj. kr. Á 7. töflu er sýnt mánaðarlegt yfirlit yfir seðlaveltu, meðalseðlaveltu og seðlaveltu að frá-dregnum seðlum í sjóði hjá bönkum og ríkissjóði árin 1961 og 1962. Á töflunni má sjá, að seðlaveltan hefur lækkað fyrstu tvo mánuði ársins 1962, en aukizt síðan til loka septembermánaðar. Í október og nóvember lækkaði seðlaveltan síðan nokkuð, en jókst svo aftur allmikið í desember. Er þetta mjög á sama veg og var árið áður. Lægst varð seðlaveltan 26. febrúar 430,5 millj. kr., en hæst varð hún 22. desember 635,2 millj. kr. Árið 1961 varð seðlaveltan lægst 22. febrúar 353,9 millj. kr., en hæst 22. desember 545,5 millj. kr. Á 8. töflu er sýnd samsetning seðlamagnsins, eins og það var í árslok 1961 og 1962. Sýnir taflan, að meginhluti seðlamagnsins eru stórir

9. tafla. Gengisskráning

		Eining	Janúar	Febrúar	Marz	Apríl
Sterlingspund	1	Kaup	120,67	120,91	120,75	120,88
		Sala	120,97	121,21	121,05	121,18
Bandaríkjadollar	1	Kaup	42,95	42,95	42,95	42,95
		Sala	43,06	43,06	43,06	43,06
Kanadadollar	1	Kaup	41,07	40,97	40,97	40,97
		Sala	41,18	41,08	41,08	41,08
Dönsk króna	100	Kaup	623,93	623,93	623,93	623,27
		Sala	625,53	625,53	625,53	624,87
Norsk króna	100	Kaup	602,28	603,00	603,00	603,00
		Sala	603,82	604,54	604,54	604,54
Sænsk króna	100	Kaup	831,85	832,71	834,15	834,19
		Sala	834,00	834,86	836,30	836,34
Fínnskt mark	100	Kaup	13,37	13,37	13,37	13,37
		Sala	13,40	13,40	13,40	13,40
Franskur franki	100	Kaup	876,40	876,40	876,40	876,40
		Sala	878,64	878,64	878,64	878,64
Belgískur franki	100	Kaup	86,28	86,28	86,28	86,28
		Sala	86,50	86,50	86,50	86,50
Svissneskur franki	100	Kaup	994,91	990,78	988,83	988,83
		Sala	997,46	993,33	991,38	991,38
Gyllini	100	Kaup	1.190,98	1.186,44	1.190,16	1.193,67
		Sala	1.194,04	1.189,50	1.193,22	1.196,73
Tékknesk króna	100	Kaup	596,40	596,40	596,40	596,40
		Sala	598,00	598,00	598,00	598,00
V.-þýzkt mark	100	Kaup	1.075,17	1.073,20	1.074,69	1.074,69
		Sala	1.077,93	1.075,96	1.077,45	1.077,45
Líra	1000	Kaup	69,20	69,20	69,20	69,20
		Sala	69,38	69,38	69,38	69,38
Austurrískur schillingur	100	Kaup	166,18	166,18	166,18	166,18
		Sala	166,60	166,60	166,60	166,60
Peseti	100	Kaup	71,60	71,60	71,60	71,60
		Sala	71,80	71,80	71,80	71,80
Reikningskróna	100	Kaup	99,86	99,86	99,86	99,86
		Vöruskiptalönd	100,14	100,14	100,14	100,14
Reikningspund	1	Kaup	120,25	120,25	120,25	120,25
		Vöruskiptalönd	120,55	120,55	120,55	120,55

8. tafla.

Skipting seðlamagnsins á seðlastærðir.

Seðlastærð	31. desember 1961		31. desember 1962	
	Upphæð þús. kr.	%	Upphæð þús. kr.	%
1000 kr.	312.770	61,3	385.914	66,1
500 —	69.320	13,6	61.067	10,5
100 —	93.605	18,3	99.749	17,1
50 —	1.915	0,4	1.330	0,2
25 —	14.595	2,9	16.770	2,9
10 —	13.157	2,6	14.195	2,4
5 —	4.543	0,9	4.805	0,8
Samtals	509.905	100,0	583.830	100,0

seðlar eða 66,1% í 1.000 kr. seðlum og 93,7% í 1.000, 500 og 100 kr. seðlum. Árið 1961 voru þessar hlutfallstölur 61,3% og 93,2%. Hvað seðlafjöldann snertir, kemur í ljós, að 10 kr. seðlar eru langflestir, en næstflestir eru 100 kr. seðlar, og 25 kr. seðlar eru í þriðja sæti.

VAXTAKJÖR. Vextir hafa haldizt óbreyttir síðan 29. desember 1960, en þá voru þeir lækkaðir verulega eða yfirleitt um 2% frá því, sem var nær allt árið 1960. Inn- og útlánsvextir banka og sparisjóða, sem Seðlabankinn ákveður, voru sem hér segir 1962:

I. Innlánsvextir

1. Af almennum sparisjóðsbókum	7%
2. Af sparisjóðsbókum með 6 mánaða uppsagnarfresti	8%
3. Af sparisjóðsbókum með 12 mánaða uppsagnarfresti	9%
4. Af 10 ára sparisjóðsbókum	9½%
5. Af sparisjóðsávísanabókum	4%
6. Af hlaupareikningsinnstæðum	3%

II. Útlánsvextir

1. Almennir forvextir	9%
2. Framlengingarvextir eftir 3 mánuði	9½%
3. Vextir af yfirdrætti á hlaupareikningi	10%

4. Vextir af reikningslánnum og viðskiptalánnum auk 1% viðskiptagjalds á ári	9%
5. Fasteignaveðslán og handveðslán til langs tíma, lán tryggð með sjálfskuldarábyrgð og lán tryggð með lausafé	9½%
6. Vextir af afurðavíxlum	7%
7. Framlengingarvextir af afurðavíxlum eftir 3 mánuði	7½%

Vextir Seðlabankans voru einnig óbreyttir allt árið 1962, en þeir lækkuðu að sama skapi og aðrir vextir hinn 1. janúar 1961. Lægstu forvextir Seðlabankans, þ. e. vextir af framleiðsluvíxlum, voru í árslok 1962 6% fyrstu þrjá mánuðina, en síðan 6½%. Almennir innlánsvextir voru þá 7%, en vextir af 12 mánaða innlánssskírteinum og bundnum reikningum voru 9%.

GENGISSKRÁNING. Á 9. töflu er sýnd gengisskráning Seðlabankans í lok hvers mánaðar á árinu 1962. Sama fyrirkomulag var haft á gengisskráningunni á árinu 1962 og tekið var upp í sambandi við gengisbreytinguna í febrúar 1960, þ. e. að daglega er skráð gengi á frjálsum gjaldeyri, þannig að gengi á Bandaríkjadollar er fast, en gengi á öðrum frjálsum gjaldeyri er breytilegt eftir gengi viðkomandi gjaldeyris gagnvart dollar. Voru því alltíðar breytingar á skráningu hinna ýmsu mynta á árinu.

GULLGENGI ÍSLENZKRAR KRÓNU. Íslenska krónan er nú 5,12536% af upphaflegu gullgildi sínu. Ein íslensk króna samsvarar nú 0,0206668 gr af skíru gulli. Samkvæmt því jafngilda 100 gullkrónur 1.951,09 krónum.

Stofngengi íslensku krónunnar er 43,00 kr. í einum Bandaríkjadollar.

STOFNLÁNADEILD SJÁVARÚT-VEGSINS. Eins og getið var í síðustu ársskýrslu, hóf Stofnlánadeild sjávarútvegsins lánveitingar að nýju árið 1961. Lánveitingar úr hinum nýju flokkum deildarinnar (C-, D- og E-flokkum) héldu enn áfram á árinu 1962, en þó í minna mæli en árið áður og mun nú að mestu lokið. Alls námu nýjar lánveitingar og verðbréfakaup deildarinnar á árinu 55,6 millj. kr., en urðu 298,5 millj. kr. árið áður.

Eftirstöðvar eldri lána Stofnlána-deildarinnar (A- og B-lána) námu í árslok 33,1 millj. kr. og lækkuðu á árinu um 7,4 millj. kr. Á sama tíma nam skuld deildarinnar við Seðlabankann vegna þessara lána 47,9 millj. kr. og hækkaði á árinu um 4,9 millj. kr. Skuld ríkissjóðs vegna vangreiddra afborgana af stofnlánadeildarlánnum nam 2,4 millj. kr., en 4,0 millj. kr. í árslok 1961. Stofnlána-

deildarbréf í umferð voru 0,3 millj. kr. í lok ársins.

Lán úr hinum nýju flokkum Stofnlánadeildarinnar (C-, D- og E-lán) námu á árinu 54,9 millj. kr. og verðbréfakaup vegna sömu flokka 0,7 millj. kr. eða samtals 55,6 millj. kr., eins og áður segir. Á árinu hefur útlánaaukning deildarinnar orðið 32,7 millj. kr. Af hinum nýju lánum, sem veitt voru á árinu, mun mestur hlutinn eða um 54,9 millj. kr. hafa farið til að greiða niður skuldir við bankana og þá einkum Landsbankann, en nær öll hin nýju lán, sem veitt voru á árinu, voru veitt fyrir milli-göngu hans.

Tekjuafgangur vegna A- og B-lána varð á árinu 0,5 millj. kr., og var 0,2 millj. kr. af honum varið til að afskrifa þau lán deildarinnar, sem talin voru töpuð, en voru óafskrifuð í árslok 1961. Tekjuafgangur vegna C-, D- og E-lána varð 0,3 millj. kr. á árinu.

REIKNINGAR
1962

Seðlabanki Íslands

EIGNIR	Krónur	aur.
Gullforði	43 657 841	84
Erlendar eignir:		
a) Erlendir bankar o. fl. kr. 252.828.329,06		
b) Erlend verðbréf — 1.062.401.393,61		
c) Erlendir víxlar — 43.807.592,10		
d) Vöruskiptareikningar — 106.868.521,84	1 465 905 836	61
Kvóti Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum:		
a) Gullframlag kr. 120.937.500,00		
b) Krónuframlag — 362.812.500,00	483 750 000	00
Skuldir á hlaupareikningum:		
a) Ríkisreikn. (lán v/skipakaupa, smáibúðalána o. fl.) kr. 126.632.499,80		
b) Ríkissjóðslán vegna Alþjóðabanka — 4.804.895,38		
c) Ríkisstofnanir — 9.720.006,05		
d) Aðrir reikningar — 73.141,85	141 230 543	08
Verðbréf og skuldabréf:		
a) Innlend verðbréf kr. 286.423.716,09		
b) Stóreignaskattsbréf (skv. lögum nr. 22/1950) — 8.181.495,32	294 605 211	41
Skuldir peningastofnana:		
a) Bankar og sparisjóðir kr. 4.399.558,73		
b) Fjárfestingarlánastofnanir — 19.000.000,00	23 399 558	73
Endurkeyptir víxlar:		
a) Landsbankinn kr. 537.359.300,00		
b) Útvegsbankinn — 106.412.000,00		
c) Búnaðarbankinn — 38.500.000,00	682 271 300	00
Skuld Stofnlánadeildar:		
a) A- og B-flokkar kr. 50.343.577,24		
b) C-, D- og E-flokkar — 337.906.579,35	388 250 156	59
Bankabyggingar með búnaði og aðrar fasteignir	7 000 000	00
Gengistapsreikningur 1960 kr. 40.000.000,00		
÷ Afskrifað með vöxtum af varasjóði — 6.000.000,00	34 000 000	00
Ýmsir skuldunautar	1 658 437	32
Ógreiddir vextir	7 028 253	00
Peningar í sjóði	330 786	78
Kr.	3 573 087 925	36

Efnahagur 31. desember 1962

SKULDIR	Krónur	aur.
Seðlar í umferð	583 830 000	00
Innstæður peningastofnana:		
a) Almennar innstæður banka og sparisjóða	kr. 270.384.919,78	
b) Innstæður fjárfestingarlánastofnana	— 75.428.584,58	
c) Bundnar innstæður banka og sparisjóða	— 550.538.477,78	
d) Mótvirði stofnlána	— 201.538.601,73	
e) Innstæður á innlánskírteinum	— 40.794.976,55	
	1 138 685 560	42
Innstæður á hlaupareikningum:		
a) Aðalviðskiptareikningur ríkissjóðs	kr. 86.164.884,52	
b) Aðrir ríkisreikningar	— 77.331.613,98	
c) Ríkisstofnanir og sjóðir	— 47.435.663,35	
d) Ríkisstofnanir, bundnar innstæður	— 158.913.000,00	
e) Aðrir reikningar (þar af Bandaríkjastjórn: mót- virði vörukaupa kr. 140.570.467,14)	— 153.833.164,08	
	523 678 325	93
Mótvirðisfé:		
a) Lokaður reikningur Framkvæmdabanka	kr. 53.487.310,26	
b) Mótvirðissjóður 1961	— 197.164.903,58	
	250 652 213	84
Innstæður Alþjóðagjaldeyrissjóðs:		
a) Innstæður	kr. 364.246.161,22	
b) Yfirdráttarlán	— 120.937.500,00	
	485 183 661	22
Innstæða Alþjóðabankans	4 792 121	38
Erlendar skuldir:		
a) Erlendir bankar o. fl.	kr. 31.039.800,11	
b) Skuld við E.P.U.	— 147.681.308,35	
c) Vöruskiptareikningar	— 142.166.527,57	
	320 887 636	03
Ýmsir skuldheimtumenn	12 956 968	11
Fyrir fram greiddir vextir	15 891 725	00
Stofnfé	100 000 000	00
Varasjóður	100 000 000	00
Gengisreikningur	2 417 801	15
Húsbyggingarsjóður	28 620 000	00
Vegna væntanlegrar greiðslu til Eftirlaunasjóðs	4 500 000	00
Óráðstafaður tekjuafgangur:		
a) Frá árinu 1961	kr. 1.005.164,29	
b) Samkvæmt rekstrarreikningi 1962	— 1.086.747,99	
	kr. 2.091.912,28	
Frá dregst:		
a) Afskrifað af fasteignum	— 1.100.000,00	
	991 912	28
Kr.	3 573 087 925	36

Reykjavík, 7. febrúar 1963.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Jón G. Mariásson Vilhjálmur Þór Jóhannes Nordal.

Seðlabanki Íslands

G J Ö L D	Krónur	aur.
Vextir af innstæðum á reikningum kr. 92.655.834,19		
Vextir af varasjóði, til lækkunar á gengis- tapsreikningi 1960 — 6.000.000,00		
Vextir af öðrum eigin sjóðum — 1.698.000,00	100 353 834	19
Vextir af skuldum erlendis	13 287 822	65
Kostnaður við seðla	1 533 453	25
Rekstrarkostnaður	13 210 850	15
Til gengisreiknings	1 289 736	00
Greitt ríkissjóði skv. l. nr. 4/1960	1 759 043	26
Arður af stofnfé skv. l. nr. 10/1961	5 000 000	00
Rekstrarhagnaður til ráðstöfunar	1 086 747	99
Kr.	137 521 487	49

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans, og er hann í samræmi við þær. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að verðbréf og aðrar bókfærðar eignir eru fyrir hendi.

Egill Símonarson,
endurskoðandi
kjörinn af bankaráði.

Georg Hansen,
forstöðumaður endurskoðunardeildar.

Rekstrarreikningur árið 1962

T E K J U R	Krónur	aur.
Vextir af endurkeyptum víxlum	42 832 730	00
Vextir af öðrum innlendum lánum	41 561 180	46
Vextir af erlendum innstæðum og verðbréfum	47 370 306	22
Tekjur af kaupum og sölu gjaldeyris	2 144 847	52
Umboðslaun af erlendum yfirfærslum	1 373 239	00
Hagnaður af innlendum verðbréfum	1 332 063	70
Ýmsar tekjur	907 120	59
Kr.	137 521 487	49

Reikningurinn staðfestist hér með.

Fyrir hönd bankaráðs

Birgir Kjaran,
formaður.

Með skírskotun til framanskráðra yfirlýsinga endurskoðenda og bankaráðs úrskurðast reikningurinn réttur.

Reykjavík, 9. apríl 1963.

Gylfi Þ. Gíslason,
viðskiptamálaráðherra.

Efnahagur Stofnlánadeildar

EIGNIR		Krónur	aur.
Skuldabréf fyrir lánnum:			
A-lán	kr. 31.066.222,00	33 093 137	00
B-lán	— 2.026.915,00		
C-lán	kr. 124.482.917,52	296 390 439	19
D-lán	— 169.037.521,67		
E-lán	— 2.870.000,00		
Verðbréf:			
Vegna A- og B-lána	kr. 7.052.304,26	43 302 246	07
Vegna C-, D- og E-lána	— 36.249.941,81		
Ýmsir skuldunautar vegna A- og B-lána		10 672 725	44
Ógreiddir vextir:			
Vegna A- og B-lána	kr. 574.074,00	6 257 560	00
Vegna C-, D- og E-lána	— 5.683.486,00		
	Kr.	389 716 107	70

sjávarútvegsins 31. desember 1962

SKULDIR	Krónur	aur.
Stofnlánadeildarbréf í umferð vegna A- og B-lána:		
4% bréf til 15 ára 1946	kr. 32.500,00	
4% bréf til 15 ára 1949	— 198.000,00	
3% bréf til 5 ára (seld með vöxtum dregnum frá nafn- verði)	— 71.000,00	
		301 500 00
Skuld við Seðlabanka Íslands:		
Vegna A- og B-lána	kr. 47.949.254,24	
Að viðbættum skuldbindingum ríkissjóðs vegna van- greiddra afborgana af A-lánum 31/12 '62	— 2.394.323,00	
	kr. 50.343.577,24	
Vegna C-, D- og E-lána	— 337.906.579,35	
		388 250 156 59
Ógreiddur kostnaður vegna A- og B-lána		150 000 00
Ýmsir skuldheimtumenn vegna C-, D- og E-lána		150 000 00
Fyrir fram greiddir vextir vegna A- og B-lána		303 193 00
Höfuðstóll vegna A- og B-lána:		
Frá fyrra ári	kr. 2.431,06	
Samkvæmt rekstrarreikningi 1962	— 521.539,40	
	kr. 523.970,46	
÷ Afskrifað tap á lánum	— 230.000,00	
		293 970 46
Höfuðstóll vegna C-, D- og E-lána:		
Frá fyrra ári	kr. 15.005,73	
Samkvæmt rekstrarreikningi 1962	— 252.281,92	
		267 287 65
	Kr.	389 716 107 70

Reykjavík, 7. febrúar 1963.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Jón G. Mariásson Vilhjálmur Þór Jóhannes Nordal.

Rekstrarreikningur Stofnlánadeildar

G J Ö L D	Krónur	aur.
Ógreiddir vextir 1/1 1962:		
Vegna A- og B-lána kr. 980.870,00		
Vegna C-, D- og E-lána — 3.169.692,50	4 150 562	50
Greiddir vextir af vaxtabréfum o. fl.:		
Vegna A- og B-lána kr. 72.084,79		
Vegna C-, D- og E-lána — 49.949,88	122 034	67
Vextir af skuld við Seðlabankann:		
Vegna A- og B-lána kr. 1.070.571,50		
Vegna C-, D- og E-lána — 19.994.980,00	21 065 551	50
Kostnaður við rekstur:		
Vegna A- og B-lána kr. 328.907,52		
Vegna C-, D- og E-lána — 287.696,31	616 603	83
Tekjuafgangur:		
Vegna A- og B-lána kr. 521.539,40		
Vegna C-, D- og E-lána — 252.281,92	773 821	32
Kr.	26 728 573	82

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans og ekkert fundið við hann að athuga.

Egill Símonarson,
endurskoðandi
kjörinn af bankaráði.

Georg Hansen,
forstöðumaður endurskoðunardeildar.

sjávarútvegsins árið 1962

TEKJUR		Krónur	aur.
Fyrir fram greiddir vextir 1/1 1962:			
Vegna A- og B-lána	kr. 116.860,00	183 360	00
Vegna C-, D- og E-lána	— 66.500,00		
Innborgaðir vextir vegna A- og B-lána	kr. 2.576.941,53		
Ógreiddir vextir 31/12 1962	— 574.074,00		
	kr. 3.151.015,53	2 847 822	53
Fyrir fram greiddir vextir 31/12 1962	— 303.193,00		
Innborgaðir vextir vegna C-, D- og E-lána ..	kr. 18.001.614,61		
Ógreiddir vextir 31/12 1962	— 5.683.486,00	23 685 100	61
Ýmsar tekjur:			
Vegna A- og B-lána	kr. 9.290,68	12 290	68
Vegna C-, D- og E-lána	— 3.000,00		
	Kr.	26 728 573	82

Reikningurinn staðfestist hér með.

Fyrir hönd bankaráðs

Birgir Kjarian,
formaður.

Með skírskotun til framanskráðra yfirlýsinga endurskoðenda og bankaráðs úrskurðast reikningurinn réttur.

Reykjavík, 9. apríl 1963.

Gylfi Þ. Gíslason,
viðskiptamálaráðherra.

1962

SEÐLABANKI ÍSLANDS

BANKASTJÓRN

JÓN G. MARÍASSON, formaður
VILHJÁLMUR ÞÓR
JÓHANNES NORDAL

BANKARÁÐ

BIRGIR KJARAN, alþingismaður, formaður
EMIL JÓNSSON, ráðherra, varaformaður
INGI R. HELGASON, héraðsdómslögmaður
JÓNAS RAFNAR, alþingismaður
ÓLAFUR JÓHANNESSON, prófessor

Varabankaráðsmennirnir Ólafur Björnsson, prófessor, og Þorvarður Jón Júlíusson, framkvæmdastjóri, sátu nokkra fundi bankaráðsins á árinu í fjarveru aðalmanna.

Helztu starfsmenn
SEÐLABANKA ÍSLANDS

31. desember 1962

Aðalféhirðir	Þorvarður Þorvarðsson
Skrifstofustjóri	Björn Tryggvason
Forstöðumaður endurskoðunardeildar og bankaeftirlits	Georg Hansen
Starfsmannastjóri	Einvarður Hallvarðsson
Lögfræðingur Stofnlánadeildar	Björn Ólafs

DEILDARSTJÓRAR OG FULLTRÚAR

Aðalfjárhirzla	Stefán G. Þórarinnsson
Aðalskrifstofa	Sigurður Örn Einarsson
Afgreiðsla	Sighvatur Jónasson
Bókhald	Jóhann T. Ingjaldsson
Endurkaupadeild	Stefán B. Stefánsson
Fjármálatíðindi	Valdimar Kristinsson
Gjaldeyriseftirlit	Sigurður Jóhannesson Þór Halldórsson
Hagfræðideild	Ólafur Tómasson Sigurgeir Jónsson
Ríkisábyrgðasjóður	Harald Andrésson Heimir Hannesson
Seðlagreining	Torfi Ólafsson

